

Convention on the Rights of Persons with Disabilities

Distr.: General
15 September 2025
ADVANCE
VERSION

UNEDITED

Original: English

Committee on the Rights of Persons with Disabilities

List of issues in relation to the initial report of Iceland*

A. Purpose and general obligations (Articles 1-4)

- Please provide updated information on:
 - Existing mechanisms to ensure that persons with disabilities, through their representative organizations, are involved in legislative and policy decision-making processes;

Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er kveðið á um samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks bæði við stefnumótun og mótun þjónustu. Samkvæmt 36. gr. laganna starfar samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks sem hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart ráðherra við stefnumótun í málaflokknum. Þá er einnig kveðið á um samráð við fatlað fólk og samtök þess í tengslum við framkvæmd og þróun þjónustu.

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er jafnframt kveðið á um það í 8. gr. að á hverju þjónustusvæði skuli starfa formlegur samráðsvettvangur sveitarfélaga og fulltrúa fatlaðs fólks um framkvæmd og þróun þjónustu. Notendaráð eiga að stuðla að þátttöku fatlaðs fólks í ákvörðunum sem varða þjónustu, aðgengi og önnur málefni sveitarfélaga. Sveitarfélög eru þó mislangt komin í innleiðingu notendaráða og framkvæmd þeirra er mismunandi milli sveitarfélaga.

Í landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðs (SRFF) fólks 2024–2027 er í aðgerð A.3 lögð áhersla á að efla samráðshópa og notendaráð um allt land og styðja við virka þátttöku fatlaðs fólks í stefnumótun og ákvörðunum sem varða líf þess. Landssamtökin Þroskahjálpar fengu styrk frá FRN til að útbúa handbók um notendasamráð til að tryggja sveitarfélögum fræðslu um skyldur sínar er varðar fatlað fólk og mikilvægi þess að allir séu raunverulegir þátttakendur. Í vinnslu er uppfærð handbók sem unnin var að GEV í samráði við öll notendaráðin og hagsmunasamtök.

Þá er í aðgerð A.10 unnið að því að styrkja tengsl fatlaðs fólks við stjórnmal með skipun tengiliða innan stjórnmalaflokka um málefni fatlaðs fólks. Þann 14. nóvember 2025 var kynnt á heimasíðu FRN að allir flokkar á þingi utan einn hefðu skipað slíkan talsmann og hlutu þeir fræðslu um SRFF heyrðu reynslusögur fatlaðs fólks og rituðu undir yfirlýsingu þess efnis að heita því að hafa SRFF að leiðarljósi í störfum sínum og gæta réttinda og hagsmuna fatlaðs fólks.

- Constitutional and legislative reviews undertaken or planned, to harmonize the national legislation with the provisions of the Convention;

Við gerð landsáætlunar um innleiðingu SRFF var skipaður starfshópur með fulltrúum hagsmunasamtaka fatlaðs fólks, sveitarfélaga og ráðuneyta til að meta hvort og þá hvaða breytingar þyrfti að gera á gildandi lögum fyrir lögfestingu samningsins. Niðurstaða hópsins var að íslensk löggjöf væri að meginstefnu til í samræmi við ákvæði samningsins, þó bent væri á að við endurskoðun laga væri tilefni til að uppfæra úrelt orðalag og skýra tiltekin ákvæði.

Samningurinn var lögfestur í heild sinni með lögum nr. 80/2025 sem tóku gildi 12. nóvember 2025. Samhliða lögfestingunni hefur verið unnið að frekari endurskoðun laga og stjórnsýslu með það að markmiði að styrkja innleiðingu samningsins.

- The National Plan for the Implementation of the United Nations Convention on the Rights of Persons with Disabilities 2024-2027, including outcome measures, monitoring mechanisms and evaluation of implementation;

* Adopted by Committee intersessionally on 15 September 2025.

Þann 20. mars 2024 samþykkti Alþingi landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2024–2027 sem felur í sér 60 aðgerðir sem miða að innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Aðgerðirnar taka m.a. til aðgengis, húsnæðis, atvinnu, menntunar, þátttöku, sjálfstæðs lífs og samræmingar þjónustu. Skipuð var sérstök verkefnastjórn með fulltrúum ráðuneyta, sveitarfélaga, hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og háskólasamfélagsins sem hefur það hlutverk að fylgja eftir framkvæmd áætlunarinnar. Í aðgerðum sem varða sveitarfélög eða framkvæmd þjónustu er gert ráð fyrir samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra viðeigandi samstarfsaðila.

Landsáætlunin felur í sér mælanleg verkefni, tímasettar aðgerðir og skilgreinda ábyrgðaraðila. Fulltrúar hagsmunasamtaka hafa þó bent á þörf fyrir skýrari verkaskiptingu, aukni gagnsæi um framvindu og fjármögnun aðgerða, og markvissara samráð við fatlað fólk og samtök þeirra við framkvæmd, eftirfylgni og mat á árangri áætlunarinnar.

- (d) The status of the Bill on the incorporation of the Convention adopted by the Althingi in 2019 (CRPD/C/ISL/1, para.8), as whether the Convention has been invoked in court decisions, administrative rulings, or legal interpretations;

Þann 12. nóvember 2025 var samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks lögfestur í heild sinni með lögum nr. 80/2025. Með lögfestingunni varð samningurinn hluti af íslenskri landslöggjöf.

Jafnvel fyrir lögfestingu hafði ítrekað verið vísað til samningsins við lögskýringu, í stjórnýslu og í dómaframkvæmd. Dómstólar, kærufélag og stjórnvöld hafa meðal annars vísað til ákvæða samningsins við túlkun laga um þjónustu við fatlað fólk, félagsþjónustu, jafnræði, aðgengi og rétt til sjálfstæðs lífs og samfélagsþátttöku. Samningurinn hefur þannig haft leiðbeinandi og lögskýringargildi í íslenskri réttarframkvæmd áður en hann var lögfestur.

Eftir lögfestingu samningsins er gert ráð fyrir að vægi hans í dómaframkvæmd og stjórnýslu muni aukast enn frekar, meðal annars við mat á samræmi laga, stjórnvaldsákvæðana og þjónustu við réttindi fatlaðs fólks samkvæmt samningnum.

- (e) Measures taken or planned to allocate the responsibility for the Convention to the ministry responsible for all other human rights treaties;

Í kjölfar stjórnarskipta tók 15. mars 2025 gildi forsetaúrskurður um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Með breytingunni fluttust jafnréttismál, mannréttindi og mannréttindasamningar, að undanskildum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, til dómsmálaráðuneytis.

Hagsmunasamtök fatlaðs fólks hafa bent á að eðlilegt sé að samningurinn heyri undir sama málefnasvið og aðrir alþjóðlegir mannréttindasamningar, enda taki hann til allra mannréttinda fatlaðs fólks en ekki eingöngu félagsþjónustu eða sértækrar þjónustu.

Innan stjórnýslunnar hafa jafnframt komið fram sjónarmið um að skoða betur stjórnýslulega staðsetningu samningsins og hvernig tryggja megi samræmi við fyrirkomulag annarra mannréttindasamninga. Skrifstofa félagsmála hefur lagt fram tillögu til ráðuneytisstjóra um að meta hvort rétt sé að færa ábyrgð á samningnum til dómsmálaráðuneytis.

- (f) Measures taken to ensure a unified approach between the State and municipalities for nationally consistent implementation of the Convention;

Innleiðing samningsins byggir að verulegu leyti á samstarfi ríkis og sveitarfélaga, enda snerta fjölmörg réttindi samkvæmt samningnum þjónustu sem er á ábyrgð sveitarfélaga. Fulltrúar sveitarfélaga eiga sæti í verkefnastjórn og í aðgerðum landsáætlunar sem varða þjónustu sveitarfélaga eða krefjast aðkomu þeirra er gert ráð fyrir samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í landsáætluninni er jafnframt unnið að aðgerðum sem miða að aukinni samræmingu þjónustu, skýrari ábyrgðarskiptingu og bættu samstarfi ríkis og sveitarfélaga, m.a. í tengslum við mat á stuðningsþörf, húsnæðismál og þróun þjónustu.

Á sama tíma hafa fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðs fólks bent á að áfram sé þörf á frekari samhæfingu milli ríkis og sveitarfélaga til að tryggja samræmda innleiðingu samningsins á landsvísi, einkum hvað varðar ábyrgðarskiptingu, samræmingu þjónustu og sameiginlega eftirfylgni með framkvæmd réttinda fatlaðs fólks.

- (g) Measures taken to ratify the Optional Protocol to the Convention.

Ísland hefur fullgilt valfrjálsu bókunina við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Að loknu innlendu fullgildingarferli var fullgildingarskjal Íslands afhent Sameinuðu þjóðunum 21. maí 2026. Gildistaka bókunarinnar gagnvart Íslandi verður birt í Stjórnartíðindum í samræmi við íslenska stjórnýsluframkvæmd.

B. Specific rights (arts. 5 to 30)

Equality and non-discrimination (art. 5)

2. Please provide information on:

(a) Measures taken to include disability among the prohibited grounds of discrimination in article 65 the Constitution and other relevant national legislation (CRPD/C/ISL/1, para.42);

Svar í vinnslu.

(b) The Equal Treatment Acts (CRPD/C/ISL/1, paras. 44-46) and whether they cover all forms of discrimination on the basis of disability, including the denial of reasonable accommodation and intersectional discrimination;

Frá skilum fyrstu skýrslu hefur réttarvernd gegn mismunun á grundvelli fötlunar verið styrkt. Með breytingarlögum nr. 63/2022 var heiti laga nr. 85/2018 breytt í lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar og gildissvið þeirra útvíkkað þannig að þau taka nú einnig til mismununar á grundvelli fötlunar.

Með sömu lagabreytingum voru jafnframt tekin upp ákvæði í lög nr. 85/2018 og 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, um að neitun um viðeigandi aðlögun teljist mismunun og að fjölþætt mismunun sé bönnuð. Löggin ná því nú til mismununar á grundvelli fötlunar bæði á vinnumarkaði og utan vinnumarkaðar og taka til fleiri birtingarmynda mismununar en áður.

Á sama tíma hefur verið bent á mikilvægi þess að fylgjast áfram með framkvæmd laganna og meta hvort réttarverndin nái í reynd yfir allar birtingarmyndir mismununar á grundvelli fötlunar á öllum sviðum samfélagsins.

(c) Measures taken to fully integrate disability as a cross-cutting issue in all national equality strategies, including gender equality, and systematically address intersectional discrimination in public policies, action plans, and budgeting frameworks, and provide examples of relevant national strategies, action plans, budget allocations, and implementation monitoring that explicitly mainstream disability;

Samkvæmt lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna er eitt af markmiðum laganna að gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins. Jafnframt er markmið laganna að vinna gegn fjölþættri mismunun. Í lögum er fjölþætt mismunun skilgreind sem mismunun á grundvelli fleiri en einnar mismununarástæðu sem nýtur verndar samkvæmt lögum sjálfum, lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar og lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Fötlun er meðal þeirra mismununarástæðna sem njóta verndar samkvæmt þeim lögum. Í 16. gr. laga nr. 150/2020 er jafnframt sérstaklega kveðið á um að fjölþætt mismunun sé óheimil.

Jafnframt hafa lög nr. 85/2018 og 86/2018 verið endurskoðuð þannig að þau taka bæði til fjölþættrar mismununar og viðurkenna að neitun um viðeigandi aðlögun gagnvart fötluðu fólki teljist mismunun.

Þessi lagaumgjörð leggur grundvöll að því að taka mið af fötlun og öðrum mismununarástæðum við mótun og framkvæmd opinberrar stefnu og að bregðast við samtvinnuðum áhrifum fjölþættrar mismununar.

(d) Measures taken to strengthen the mandate of the Equality Complaints Committee (*Kærunefnd jafnréttismála*), including granting it investigative powers and enforceable remedies (*ex officio*), to ensure accessible and effective redress for persons with disabilities and to provide community awareness programs on anti-discrimination laws and the complaint process.

Ekki hafa verið gerðar grundvallarbreytingar á umboði kærunefndar jafnréttismála á tímabilinu. Kærunefndin starfar á grundvelli laga 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála og tekur við kærum og úrskurðar um hvort brotið hafi verið gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, þar á meðal vegna mismununar á grundvelli fötlunar. Kærunefndin er skipuð sérfróðum lögfræðingum og getur kallað sér til ráðgjafar sérfróða aðila þegar þörf krefur. Ekki hafa verið innleiddar sérstakar heimildir til að taka mál upp að eigin frumkvæði né hafa verið gerðar breytingar sem veita nefndinni sjálfstæðar rannsóknarheimildir umfram þær sem leiða af gildandi málsmeðferðarlögum.

Samkvæmt sömu lögum (nr. 151/2020) er fræðsla og vitundarvakning um jafnréttislöggjöf, bann við mismunun og kæruleiðir fyrst og fremst á ábyrgð Jafnréttisstofu, sem hefur eftirlit með framkvæmd jafnréttislöggjafar og sinnir upplýsingagjöf, ráðgjöf og fræðslu til almennings, vinnuveitenda og opinberra aðila.

Women with disabilities (art. 6)

3. Please provide information on:

(a) Measures to ensure that the Act of Equal Status and Equal Rights Irrespective of Gender No. 150/2020 applies to the specific situation of women and girls with disabilities;

Lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna styrkja vernd fatlaðra kvenna og stúlkna með því að taka sérstaklega á fjölþættri mismunun. Eitt af markmiðum laganna er að vinna gegn fjölþættri mismunun og í 16. gr. laganna er kveðið á um að slík mismunun sé óheimil. Fötlun er meðal þeirra mismununarástæðna sem njóta slíkrar verndar, sjá einnig svör við spurningum 2 b) og 2 c). Fjölþætt mismunun getur verið samtvinnuð þannig að tvær eða fleiri mismununarástæður skapa sérstakan grundvöll mismununar eða verið tvöföld eða margföld. Þetta getur meðal annars átt við þegar kona verður fyrir mismunun á grundvelli bæði kyns og fötlunar. Jafnframt kveða löggin á um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins. Löggin styrkja einnig skyldu opinberra aðila til kynjagreiningar tölfræðilegra gagna, sem stuðlar að betri þekkingu á stöðu fatlaðra kvenna og stúlkna og skapar grundvöll fyrir markvissar aðgerðir til að vinna gegn mismunun og ójöfnuði.

(b) Measures taken, including affirmative action, to ensure meaningful participation of women with disabilities and their representative organizations in decision-making, evaluation and monitoring of laws and regulations aimed at addressing disability and gender issues, and designing, implementing, and monitoring of programmes related to gender equality;

Fatlaðar konur og samtök sem koma fram fyrir þeirra hönd taka þátt í stefnumótun, samráði og framkvæmd aðgerða sem varða jafnrétti og réttindi fatlaðs fólks í gegnum samráðsvettvanga stjórnvalda, hagsmunasamtök og verkefni á sviði jafnréttis- og mannréttindamála. Við undirbúning og framkvæmd aðgerða sem varða kynbundið ofbeldi, jafnrétti og réttindi jaðarsettra hópa hefur verið leitað samstarfs við samtök fatlaðs fólks og sérfræðinga með reynslu af fötlun. Í framkvæmd forvarnaáætlunar gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi meðal barna og ungmenna er sérstaklega gert ráð fyrir að tekið sé tillit til þarfa fatlaðra barna og ungmenna og að haft sé samráð við viðeigandi félagasamtök við undirbúning og framkvæmd aðgerða. Jafnframt hefur fatlað fólk og samtök þess komið að fræðslu, stefnumótun og þróun úrræða á sviði ofbeldisvarna og réttindagæslu, meðal annars í samstarfi við lögreglu, stjórnvöld og jafnréttisyfirvöld. Jafnréttisstofa hefur gefið út leiðbeiningar og verkfæri sem styðja við aukna þátttöku fjölbreyttra hópa í ákvarðanatöku, þar á meðal fatlaðs fólks, og vinnur að því að samþætta sjónarmið um fötlun og fjölþætta mismunun í jafnréttisstarfi stjórnvalda. Þá hafa samtök fatlaðs fólks, þar á meðal samtök fatlaðra kvenna, tekið þátt í vitundarvakningarverkefnum, fræðslu og samráði um aðgerðir gegn mismunun og ofbeldi.

(c) Measures taken or planned to develop and implement indicators that reflect the specific situation of women with disabilities, in line with article 6 and relevant SDG targets on gender equality. Please provide information on indicator frameworks, data collection tools, disaggregation by gender and disability, and how these are used in public monitoring and reporting.

Í þingsályktun um aðgerðaáætlun í jafnréttismálum 2026–2029 eru aðgerðir sem miða að því að bæta söfnun, greiningu og birtingu kynjaskipta gagna og þróa mælikvarða til að meta framgang jafnréttismála. Þar er m.a. gert ráð fyrir þróun miðlægs mælaborðs með reglulega uppfærðum tölfræðigögnum og tilraunaverkefni um þróun jafnréttisvísa. Þessi vinna byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, sem styrktu skyldu opinberra aðila til kynjagreiningar tölfræðilegra gagna. Markmiðið er að bæta þekkingu á stöðu ólíkra hópa og skapa grundvöll fyrir markvissari stefnumótun og vöktun. Í landsáætlun um innleiðingu SRFF er jafnframt í aðgerð A.11 gert ráð fyrir reglulegri miðlun hagtalna um hagi fatlaðs fólks og þróun gagnasöfnunar sem gerir kleift að bera saman stöðu fatlaðs fólks og annarra hópa í samfélaginu. Stefnt er að því að bæta gæði, samanburðarhæfni og tengingu gagna milli gagnasafna. Ekki liggja þó enn fyrir sérstakir landsbundnir mælikvarðar sem beinast sérstaklega að stöðu fatlaðra kvenna og stúlkna eða kerfisbundin vöktun sem byggir samtímis á sundurliðun eftir kyni og fötlun á öllum málefnasviðum. Fyrirhugaðar aðgerðir um þróun jafnréttisvísa og bætt gagnasöfnun eru mikilvægt skref í þá átt.

Children with disabilities (art. 7)

4. Please provide information on:

(a) The implementation of the Act on the Integration of Services in the Interest of Children's Prosperity and whether the formal consultation forum and regional councils have been established (CRPD/C/ISL/1, para 62) as well as on the assessment of the implementation of the Action Plan on child protection 2019–2022 (CRPD/C/ISL/1, para.58) and measures under the Act and the Action Plan targeted at children with disabilities;

Framkvæmd laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, [hér eftir farsældarlög] er hafin en innleiðingu svæðisbundinna stjórnskipulagsþátta er ekki að fullu lokið á landsvísi. Lögin tóku gildi 1. janúar 2022 og er markmið þeirra að tryggja börnum og foreldrum sem þurfa stuðning aðgang að samþættri þjónustu án hindrana.

Samkvæmt lögnum skal starfa formlegur samráðsvettvangur, Farsældarþing, fyrir stjórnvöld, fagfólk og notendur þjónustu. Fyrsta Farsældarþingið var haldið í september 2023 með um 1.200 skráðum þátttakendum, þar á meðal börnum. Jafnframt er samkvæmt lögnum gert ráð fyrir reglulegu samráði ráðherra og mótun stefnu og aðgerðaáætlunar í málefnum farsældar barna í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í febrúar 2025 var birt til samráðs drög að fyrstu heildstæðu stefnu stjórnvalda um farsæld barna til ársins 2035.

Árið 2024 voru gerðir samningar við landshlutasamtök sveitarfélaga um undirbúning svæðisráða og höfðu a.m.k. fimm slík ráð verið formlega stofnuð í nóvember 2025. Fyrir liggur þó ekki staðfesting á því að öll svæðisráð hafi verið tekin til starfa á landsvísi í maí 2026.

Aðgerðir samkvæmt lögnum og tengdum stefnum taka einnig til fatlaðra barna, einkum með áherslu á snemmtækan stuðning, samþættingu þjónustu og aukid samstarf milli skóla-, félags-, heilbrigðis- og barnaverndarþjónustu.

(b) Measures taken to assess and address the impact of ministerial restructuring on the oversight and implementation of the rights of children with disabilities, particularly regarding the division of responsibilities between ministries for children, education, and social affairs. Please provide a mapping of institutional responsibilities, including coordination mechanisms and accountability structures;

Til að styrkja samræmingu þjónustu við börn, þar með talin fötluð börn, voru málefni barna sameinuð undir ráðherra barna og síðar Mennta- og barnamálaráðuneyti með það að markmiði að bæta yfirsýn, samhæfingu og ábyrgð á innleiðingu réttinda barna þvert á stjórnsýslu.

Farsældarlög mynda nú meginramma um samhæfingu þjónustu við börn. Lögin leggja áherslu á snemmtækan stuðning, samþættingu þjónustu og skýra ábyrgð milli kerfa og stjórnsýslustiga. Samhæfingin byggir á skilgreindum tengiliðum, málstjórnun og samræmdri þjónustuáætlun þegar þörf er á.

Sveitarfélög bera áfram ábyrgð á stórum hluta þjónustu við börn, m.a. leik- og grunnskólaþjónustu, félagsþjónustu og barnavernd, en viðkomandi ráðuneyti fara með stefnumótun og lagaramma á sínu ábyrgðarsviði. Samhæfing fer fram í gegnum farsældarkerfið og samstarf ríkis og sveitarfélaga.

(c) Safeguards that are in place to ensure that decisions affecting children with disabilities are not based solely on medical diagnoses, but reflect their evolving capacities, rights, will and preference, and provide examples of rights-based assessment tools, individualized planning frameworks, and staff training protocols used in practice;

Á Íslandi byggja ákvarðanir sem varða fötluð börn á réttindamiðaðri nálgun sem tekur mið af hagsmunum barnsins, rétti þess til þátttöku og þróandi getu þess, en ekki eingöngu lækisfræðilegum greiningum. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið lögfestur með lögum nr. 19/2013 og farsældarlög leggja áherslu á einstaklingsmiðað og heildstætt mat á þörfum barns og fjölskyldu þess.

Samkvæmt farsældarlögnum byggir stuðningur við börn á mati á aðstæðum, þátttöku og stuðningsþörfum barns þvert á þjónustukerfi fremur en á greiningu einni saman. Börn og foreldrar taka þátt í gerð samþættra þjónustuáætlana og, eftir atvikum, einstaklingsnámskráa, með stuðningi tengiliða og málstjóra.

Við þróun mats- og þjónustukerfa er í auknum mæli stuðst við hugmyndafræði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um færni, þátttöku og umhverfisþætti (ICF), sem leggur áherslu á virkni og þátttöku fremur en skerðingu. Jafnframt hefur verið unnið að fræðslu og innleiðingu farsældarlaganna fyrir fagfólk, meðal annars í gegnum Farsældarskóla Barna- og fjölskyldustofu. Ísland viðurkennir þó að samræmd og forbundin verkfæri og þjálfun sem sérstaklega byggja á vilja og óskum barna með fötlun séu enn í þróun.

(d) Measures taken to ensure children with disabilities are included in the implementation of the recommendation of the CRC Committee (CRC/C/ISL/CO/5-6, para.17) to amend the Youth Act to ensure that all municipalities establish youth councils and to clarify their functions, responsibilities and mandates, in accordance with the parliamentary resolution on

child-friendly Iceland, and ensure that all children can express their opinion and be heard in all decisions affecting them, including in courts and civil proceedings and on decisions regarding custody, contact and asylum, and adopt relevant legislative amendments to ensure that their views are heard and taken into account in such decisions;

Vinna er hafin á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins við endurskoðun æskulýðslaga frá 2007. Í lok árs 2023 voru áform um ný æskulýðslög birt í samráðsgátt stjórnvalda og bárust 47 umsagnir frá 83 umsagnaraðilum, þar á meðal félagsmiðstöðvum, ungmennaráðum og einstaklingum. Í umsögnum var lögð áhersla á mikilvægi þess að ungmennaráð starfi í öllum sveitarfélögum til að efla þátttöku barna og ungmenna í ákvörðunum sem varða þau og tryggja jafnt aðgengi allra barna að slíkri þátttöku.

Við áframhaldandi vinnu við endurskoðun laganna verður tekið mið af þörfum fatlaðra barna og aðrar stuðningsþarfir við útfærslu þátttöku í ungmennaráðum sveitarfélaga. Markmiðið er að tryggja að fötluð börn geti tekið virkan þátt í samráði og komið sjónarmiðum sínum á framfæri til jafns við önnur börn.

(e) Measures taken to monitor and address complaints, rights violations, or service failures affecting children with disabilities, and to provide child-accessible complaint mechanisms.

Kvartanir, réttindabrot og þjónustubrestir sem varða fötluð börn geta komið til skoðunar hjá ýmsum aðilum eftir eðli máls, meðal annars sveitarfélögum, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, Embætti landlæknis, Umboðsmanni barna og Mannréttindastofnun Íslands sem fer með réttindagæslu fatlaðs fólks samkvæmt lögum nr. 88/2011. Fötluð börn og fjölskyldur þeirra geta því leitað ráðgjafar, stuðnings og aðstoðar við að koma á framfæri kvörtunum eða ábendingum um réttindabrot eða þjónustubrest.

Unnið hefur verið að því að gera samráð og þátttöku barna aðgengilegri, meðal annars með hagsmunamati, samráði við börn og ungmenni og umræðu um þróun barnvænna samráðs- og upplýsingaleiða. Umboðsmaður barna leggur jafnframt sérstaka áherslu á að börn geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri og fengið upplýsingar um réttindi sín með aðgengilegum hætti.

Ekki er þó fyrir hendi eitt samræmt landsbundið kvörtunarkerfi sem er sérstaklega ætlað fötluðum börnum og áfram er unnið að því að styrkja aðgengi barna að kvörtunarleiðum og úrræðum til að fylgja eftir réttindum þeirra.

Awareness-raising (art.8)

5. Please provide updated information on:

(a) Measures taken to ensure that awareness-raising measures on the standards and principles of the Convention are embedded across sectors, including in the public sector, education, media, health, employment and justice and embedded in public procurement practices, curriculum content, law enforcement training materials, and health guidelines on pre-natal screening.

Í landsáætlun um innleiðingu SRFF er lögð áhersla á vitundarvakningu og fræðslu um réttindi fatlaðs fólks þvert á geira. Aðgerðir áætlunarinnar fela m.a. í sér almenna vitundarvakningu um stöðu fatlaðs fólks (A.1), kynningarátak um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (A.2), þróun námsefnis um réttindi fatlaðs fólks fyrir fagstéttir sem koma að þjónustu við fatlað fólk (A.6) og fræðslu innan réttarvörslukerfis um viðeigandi aðlögun og studda ákvarðanatöku (A.8).

Aðgerðirnar beinast meðal annars að starfsfólki í opinberri þjónustu, menntakerfi, félags- og heilbrigðisþjónustu og réttarkerfi. Jafnframt er lögð áhersla á aukinn sýnileika fatlaðs fólks í samfélagsumræðu og fjölmiðlum.

Á sama tíma hafa fulltrúar hagsmunasamtaka bent á þörf fyrir frekari og viðvarandi fræðslu um hugmyndafræði og meginreglur sammingsins þvert á stjórnslu, stjórnsmál, menntun, heilbrigðisþjónustu og aðra samfélagslega lykilþætti, auk markvissari innleiðingar í starfsþjálfun, verklag og stefnumótun.

(b) Existing regulatory or support mechanisms to ensure inclusive and respectful media representation of persons with disabilities in public and private media, including codes of ethics, journalist guidelines, training materials, or monitoring reports used by media regulators or broadcasters;

Í landsáætlun um innleiðingu SRFF er sérstök áhersla lögð á vitundarvakningu og sýnileika fatlaðs fólks. Í aðgerð A.1 er kveðið á um að vinna gegn staðalímyndum og fordómum og auka sýnileika og þátttöku fatlaðs fólks á öllum sviðum samfélagsins. Í aðgerð A.5 er sérstaklega fjallað um aukinn sýnileika fatlaðs fólks í fjölmiðlum og opinberri umræðu. Þar er m.a. gert ráð fyrir kortlagningu á sýnileika fatlaðs fólks, þjálfun fatlaðs fólks í fjölmiðlaframkomu og fræðslu fyrir fjölmiðlafólk um viðtöl og umfjöllun um fatlað fólk.

Þá er í stefnu Ríkisútvarpsins 2022–2026 sérstök áhersla á fjölbreytileika, jafnræði og þátttöku. Þar kemur fram að RÚV skuli endurspeglja fjölbreytileika samfélagsins í dagskrá og starfsemi sinni og sérstaklega huga að sýnileika hópa sem hafa átt undir högg að sækja, þar á meðal fatlaðs fólks. Jafnframt er lögð áhersla á samráð við hagaðila og að skapa vettvang fyrir fjölbreyttar raddir og reynsluheim fatlaðs fólks.

Ekki liggja fyrir sérstakar lögbundnar siðareglur eða eftirlitskerfi sem beinast sérstaklega að framsetningu fatlaðs fólks í fjölmiðlum, en framangreindar aðgerðir og stefnur miða að því að stuðla að virðingarríkri, fjölbreyttri og réttari mynd af fötluðu fólki í opinberri umræðu.

- (c) How persons with disabilities, through their representative organizations, are systematically included in the State party's awareness-raising campaigns.

Verkefnastjórn landsáætlunar um innleiðingu SRFF hefur unnið vitundarvakningarherferð undir yfirskriftinni Fyrir okkur öll. Herferðin hófst árið 2025 og fólst m.a. í auglýsingum, heimasíðu og útgáfu dagatals.

Fatlað fólk og hagsmunasamtök þess komu að mótun herferðarinnar á öllum stigum. Árlegt samráðsþing landsáætlunar árið 2024 var nýtt til að móta meginboðskap herferðarinnar til almennings, fagfólks og fatlaðs fólks sjálfs. Jafnframt voru haldnir sérstakir samráðsfundir með fulltrúum hagsmunasamtaka og fötluðu fólki við frekari þróun herferðarinnar. Frásagnir og reynslusögur fatlaðs fólks úr íslensku samfélagi voru einnig hluti af herferðinni.

Visað er einnig til svars við 5. a) varðandi aðgerðir A.1 og A.2 í landsáætlun. Þá hafa hagsmunasamtök fatlaðs fólks hlotið styrki til miðlunarverkefna, m.a. þáttagerðar þar sem einstaklingar með þroskahömlun sinna dagskrárgerð og miðlun efnis.

Accessibility (art. 9)

6. Please provide updated information on:

- (a) Measures taken to ensure consistent and enforceable application of accessibility standards and regulations in the built environment across all municipalities, including rural areas;

Í landsáætlun um innleiðingu SRFF eru nokkrar aðgerðir sem miða að samræmdari framkvæmd og aukinni framfylgd aðgengisviðmiða í manngerðu umhverfi. Í aðgerð B.4 er gert ráð fyrir kortlagningu laga- og reglugerðaumhverfis um aðgengi fyrir öll, greiningu á heimildum eftirlitsaðila og mótun tillaga um skýrari kvörtunarleiðir, eftirlitsheimildir og afgreiðslutíma. Markmiðið er að styrkja aðgengi og algilda hönnun og stuðla að því að fólki sé ekki mismunað um aðgengi að mannvirkjum og almennri notkun þeirra.

Í aðgerð B.5 er jafnframt gert ráð fyrir endurskoðun byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með áherslu á skráningu, eftirlit og undanþágur þannig að breytingar séu ekki gerðar á kostnað algildrar hönnunar og aðgengis. Þá er í aðgerð B.7 gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélög skilgreini hlutverk og umboð aðgengisfulltrúa, að hvert sveitarfélag og þjónustusvæði með fleiri en 1.000 íbúa skipi aðgengisfulltrúa og að samræmt verklag verði þróað fyrir úttektir, gátlista, fræðslu og samráð um allt land, þ.m.t. í dreifbýli.

Auk þess er í aðgerð B.6 gert ráð fyrir rafrænni handbók og leiðbeiningum um aðgengi fyrir öll og algilda hönnun fyrir sveitarfélög, hönnuði og aðra framkvæmdaraðila.

- (b) Measures taken to transpose into domestic law Directive (EU) 2016/2102 of the European Parliament and the Council on the accessibility of websites and mobile applications and public sector bodies;

Tilskipun (ESB) 2016/2102 um aðgengi vefsetra og smáforrita opinberra aðila fyrir fartæki var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 20/2026 um aðgengi vefsetra og smáforrita opinberra aðila. Lögin voru samþykkt á Alþingi 5. mars 2026.

- (c) Ministerial responsibility for digital inclusion and the measures taken to address the inaccessibility of e-government processes, in particular electronic identification;

Svar í vinnslu.

- (d) Measures taken to ensure equal access to public transportation across the State Party, including the provision of accessible vehicles, information systems, and booking methods, and the availability of accessible public and paratransit services.

Árið 2022 skipaði innviðaráðuneytið starfshóp um stöðu fatlaðs fólks í samgöngum sem skilaði skýrslu og tillögum að aðgerðum árið 2023. Niðurstöður hópsins hafa verið lagðar til grundvallar stefnumótun í tillögu að samgönguáætlun 2026–2040 þar sem aðgengi fatlaðs fólks er skilgreint sem eitt af lykilviðfangsefnum samgöngumála.

Í tillögu að samgönguáætluninni er m.a. lögð áhersla á að bæta aðgengi allra að samgöngukerfinu og móta sérstaka uppbyggingaráætlun um aðgengi fatlaðs fólks að almenningsamgöngum á landi og í lofti milli byggða. Horft er m.a. til

niðurstaðna skýrslu starfshópsins og úttektar ÖBÍ á aðgengi að biðstöðvum. Þá er einnig gert ráð fyrir hönnunarleiðbeiningum um aðgengilegar hleðslustöðvar fyrir bifreiðar í tengslum við orkuskipti.

Jafnframt er hafin innleiðing NaviLens-kóða á biðstöðvum Strætó til að bæta aðgengi blindra og sjónskertra að upplýsingum um leiðir og komutíma. Lausnin gerir notendum kleift að nálgast sjálfstætt rauntímaupplýsingar í gegnum smáforrit sem les upplýsingar upphátt.

Í landsáætlun um innleiðingu SRFF er jafnframt í aðgerð B.8 gert ráð fyrir heildstæðri kortlagningu á reynslu fatlaðs fólks af almenningssamgöngum, þar með talið aðgengi að þjónustu, upplýsingum og framkvæmd þjónustunnar. Þá er unnið að aðgengilegri upplýsingagjöf og stafrænni þjónustu, m.a. með aðgerðum B.1 og B.2 um stafrænt aðgengi opinberrar þjónustu.

Right to life (art. 10).

7. Please provide information on legislative and policy measures to investigate, document and report deaths of persons with disabilities in institutional settings, including residential and psychiatric facilities, to identify systemic neglect and service failures, and to collect disaggregated data on mortality rates or life expectancy to track disparities.

Íslensk löggjöf og stefnumótun stjórnvalda kveða á um skráningu, tilkynningarskyldu, rannsókn og eftirlit með alvarlegum atvikum og dauðsföllum innan heilbrigðis- og velferðarþjónustu, þar á meðal í búsetuúrræðum og geðheilbrigðisþjónustu.

Samkvæmt lögum nr. 61/1998 um dánarvottorð, krufningar o.fl. ber læknum að tilkynna lögreglu um óvænt dauðsföll eða dauðsföll sem kunna að tengjast mistökum, vanrækslu eða óhappatilvikum í þjónustu. Sambærilegar skyldur gilda gagnvart embætti landlæknis samkvæmt lögum nr. 41/2007 um landlækni. Á heilbrigðisstofnunum og í velferðarþjónustu gilda jafnframt reglur um innra eftirlit, atvikaskráningu og rannsókn alvarlegra atvika.

Samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfi, skulu gæði og eftirlit vera til staðar, og ef upp koma hnökror í stjórnsýslu vegna biðlista er t.d. mælt fyrir um úrræði í reglugerð nr. 1035/2018. Eftirlit ráðuneytis með þjónustunni er nánar útfært í reglugerð nr. 1036/2018 til að tryggja eftirfylgni og að gæðaviðmið séu virt. Þegar um ræðir börn með miklar þroska- og geðraskanir kveður reglugerð nr. 1038/2018 á um strangar kröfur til mönnunar, aðbúnaðar og eftirlits í búsetuúrræðum.

Samkvæmt lögum nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála skal tilkynna án tafar um alvarleg óvænt atvik sem hafa valdið eða hefðu getað valdið notanda þjónustu alvarlegu tjóni eða dauða. Stofnunin getur rannsakað slík mál og vísað þeim til lögreglu ef grunur vaknar um refsiverða háttsemi. Einnig ber að tilkynna réttindagæslumanni fatlaðs fólks ef grunur er um réttindabrot.

Embætti landlæknis heldur landsvísar heilbrigðisskrár, þ.m.t. dánarmeinaskrá, og stjórnvöld hafa lagt aukna áherslu á reglubundna gagnasöfnun og miðlun upplýsinga um stöðu fatlaðs fólks, m.a. í landsáætlun um innleiðingu SRFF. Markmið þeirra aðgerða er að bæta yfirsýn, greina kerfisbundna mismunun, vanrækslu eða þjónustubrest og styrkja forsendur fyrir umbótum í þjónustu og eftirliti.

Situations of risk and humanitarian emergencies (art. 11).

8. Please provide updated information on:

(a) The development of the new policy on civil protection and security matters (CRPD/C/ISL/1, para.91) and whether it is disability inclusive, as well as on measures to ensure accessibility of the 112 emergency number, camps and shelters, clean water, sanitation and the provision of assistive devices within emergency management, including during evacuation, for persons with disabilities, in particular women, children and older persons with disabilities;

Leitast hefur verið við að tryggja að allir geti leitað neyðaraðstoðar í gegnum neyðarnúmerið 112, óháð fötlun, aldri eða annarri stöðu. Frá árinu 2006 hefur verið hægt að senda textaskilaboð til 112 og árið 2018 var smáforritið „112 Deaf“ þróað í samstarfi við Félag heyrnarlausra til að auðvelda samskipti og upplýsingamiðlun fyrir fólk sem getur ekki nýtt hefðbundin símtöl. Þá býður Neyðarlínan upp á sértæk viðbragðsferli fyrir einstaklinga sem þurfa sérstakan stuðning, aðgengilegan vef og aðgang að táknmálstúlkun. Unnið er að frekari úrbótum, þar á meðal myndsímtölum og rauntímaskilaboðum.

(b) Mechanisms to ensure the close consultation and active involvement of persons with disabilities through their representative organizations in the development and implementation of civil protection policy and emergency response frameworks.

Reynsla af jarðhræringum og eldgosum á Reykjanesskaga, þar á meðal rýmingu Grindavíkur 2023, hefur leitt í ljós mikilvægi þess að sjónarmið og þarfir fatlaðs fólks séu samþættar í almannavarnaáætlanir og neyðarviðbrögð.

Í kjölfar þess hefur Almannaþingardeild ríkislögreglustjóra komið á fót samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands með það að markmiði að efla þátttöku fatlaðs fólks og hagsmunasamtaka þess í þróun og framkvæmd almannaþinganna og viðbragðsáætlana. Samstarfið nær til allra stiga almannaþinganna, þar á meðal forvarna, viðbúnaðar, viðbragða og endurreisnar.

Áhersla hefur verið lögð á að bæta verkferla og verklag með hliðsjón af þörfum fatlaðs fólks, styrkja stuðning við fatlaða einstaklinga við rýmingar og tryggja að upplýsingar og fræðsluefni um almannaþingarnir séu aðgengileg. Samstarfið hefur jafnframt skapað vettvang fyrir samráð við fulltrúa fatlaðs fólks um þróun framtíðarlausna og viðbragðsramma.

Equal recognition as a person before the law (art. 12).

9. Please provide updated information on:

(a) The status of the Bill based on the outcome of the audit by a parliamentary committee of the Act on Legal Competence, planned to be submitted to the Althingi by the end of 2020 (CRPD/C/ISL/1, para.101), measures taken to review other legislation that can limit or deny legal capacity, such as the General Penal Code Act no. 19/1940 and the Act on the Rights of Patients no. 74/1997 as well as measures to replace substitute decision-making with supported decision-making systems that respect the autonomy, will and preference of persons with disabilities in all areas of life, including with regard to access to financial services and the management of property;

Þann 30. ágúst 2023 birti dómsmálaráðuneytið í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi til breytinga á lögræðislögum nr. 71/1997. Markmið frumvarpsins var að styrkja réttaröryggi einstaklinga við meðferð mála um lögræði og nauðungarvistun. Meðal annars voru lagðar til breytingar á skilyrðum nauðungarvistunar þannig að þær skyldu byggjast á geðröskun en ekki geðsjúkdómi eða fötlun sem slíkri, auk þess sem heimilt yrði að taka tillit til hættu sem einstaklingur kynni að skapa öðrum.

Jafnframt voru lagðar til breytingar á málsmeðferð við framlengingu nauðungarvistunar með auknum kröfum um rökstuðning og upplýsingar frá læknum til að tryggja betur sjálfstætt mat dómstóla á því hvort skilyrði vistunar væru áfram uppfyllt. Frumvarpið tengdist einnig fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga sem miða að því að setja skýrari reglur um beitingu nauðungar í heilbrigðisþjónustu.

Frumvarpið var lagt fram á 154. löggjafarþingi 2023–2024 en náði ekki fram að ganga. Endurskoðun lögræðislaganna er áfram til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu.

(b) Mechanisms in place to ensure that personal spokespersons or other support providers under Act No. 88/2011 to meet the ‘will and preference’ standard within the Convention rather than the “best interests” standard, as well as information on the regulatory frameworks and procedural guidelines governing spokespersons, including training materials, oversight structures, complaints mechanisms, and any evaluations conducted;

Frá ársbyrjun 2025 hafa verkefni tengd persónulegum talsmönnum samkvæmt lögum nr. 88/2011 verið á ábyrgð sýslumanna. Samhliða flutningi verkefnisins voru gerðar breytingar á IV. kafla laganna sem leggja aukna áherslu á að stuðningur byggist á vilja og óskum einstaklings fremur en mati annarra á hagsmunum hans.

Áður en samkomulag um persónulegan talsmann er staðfest á sýslumaður viðtal við viðkomandi einstakling og leggur sérstaka áherslu á að sannreyna vilja hans. Notast er við þær tjáskiptaleiðir sem einstaklingurinn kys og veittur er sá tími og stuðningur sem nauðsynlegur er til að tryggja að sjónarmið hans komi fram. Ef vafi leikur á vilja einstaklings er aflað frekari upplýsinga frá aðilum sem þekkja aðstæður hans, með það að markmiði að skýra vilja hans en ekki taka ákvarðanir í hans stað.

Persónulegum talsmönnum eru kynntar starfsskyldur sínar áður en samkomulag er staðfest og lögð sérstök áhersla á að þeir aðstoði einstaklinginn við að framfylgja eigin vilja og óskum, jafnvel þótt þær fari ekki saman við eigið mat talsmannsins á hagsmunum hans. Persónulegir talsmenn skulu jafnframt sækja sérstaka fræðslu samkvæmt reglugerð nr. 972/2012.

Sýslumaður hefur eftirlit með framkvæmd samkomulaga, meðal annars með árlegri skýrslugjöf persónulegra talsmanna og heimild til að afla upplýsinga og gagna eftir þörfum. Sýslumaður getur afturkallað samkomulag ef persónulegur talsmaður sinnir ekki skyldum sínum eða starfar ekki í samræmi við vilja einstaklingsins. Hægt er að koma á framfæri kvörtunum eða athugasemdum til sýslumanns, sem fer þá með frekari rannsókn málsins og grípur til viðeigandi ráðstafana eftir atvikum.

(c) How does the State party monitor and regulate the use of informal substitute decision-making by service providers, particularly in group homes or supported residential arrangements, where staff act on behalf of residents without formal legal authority, and

provide information on inspections, regulatory standards, or recorded cases where such practices have been reviewed or challenged;

Í íslenski löggjöf er ekki gert ráð fyrir að starfsfólk í búsetuþjónustu eða öðrum þjónustuúrræðum taki ákvarðanir fyrir fatlað fólk án lagastöðar. Þjónusta samkvæmt lögum nr. 38/2018 byggir á sjálfsákvörðunarrétti, einstaklingsbundnum stuðningi og þátttöku notenda í ákvörðunum sem varða eigið líf.

Eftirlit með framkvæmd þjónustunnar er meðal annars í höndum Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, Mannréttindastofnunar Íslands sem fer með réttindagæslu fatlaðs fólks samkvæmt lögum nr. 88/2011, og eftir atvikum Umboðsmanns Alþingis. Kvartanir eða ábendingar um þjónustubrest, óviðeigandi takmarkanir eða að ákvarðanir séu teknar í stað einstaklings geta komið til skoðunar hjá þessum aðilum.

Nú er til meðferðar á Alþingi frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks sem miðar að því að styrkja stuðning við ákvarðanatöku og draga úr hættu á óformlegri staðgönguákvarðanatöku. Samkvæmt frumvarpinu á fatlaður einstaklingur sem þarf á stuðningi við ákvarðanatöku að halda rétt á persónulegum talsmanni. Við val á talsmanni skal eftir fremsta megni byggja á upplýstu samþykki og skýrum vilja einstaklingsins. Sýslumaður skal staðfesta samkomulag um persónulegan talsmann og hafa eftirlit með framkvæmd þess, meðal annars með reglulegum upplýsingabeidnum. Jafnframt verður persónulegum talsmönnum skylt að sækja fræðslu um hlutverk sitt og ábyrgð með áherslu á valdeflingu, sjálfsákvörðunarrétt og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Ekki liggja fyrir sérstakar landsbundnar tölur um umfang óformlegrar staðgönguákvarðanatöku í búsetuþjónustu eða fjölda mála þar sem slík framkvæmd hefur verið sérstaklega staðfest eða felld úr gildi.

(d) Measures taken to ensure that the inaccessibility of electronic identification (e-ID) and other digital authentication tools for persons with disabilities does not result in the need for substitute decision-making.

Svar í vinnslu.

Access to justice (art. 13)

10. Please provide updated information on:

(a) Measures taken to ensure that procedural and age-appropriate accommodations are systematically available to persons with disabilities throughout all stages of legal proceedings;

Með lögum nr. 61/2022 voru gerðar breytingar á lögum um meðferð sakamála með það að markmiði að bæta aðgengi fatlaðs fólks að réttarkerfinu og styrkja réttarstöðu þess á öllum stigum málsmeðferðar. Eftir breytingarnar ber lögreglu og dómstólum að bjóða fötluðum sakborningum og vitnum að hafa með sér hæfan stuðningsaðila við skýrslutökur á rannsóknarstigi og fyrir dómi. Stuðningsaðili getur meðal annars verið réttindagæslumaður eða annar hæfur aðili sem styður við þátttöku einstaklings í málsmeðferðinni.

Jafnframt er heimilt að taka skýrslur af fötluðum einstaklingum í sérútbúnu húsnæði, svo sem Barnahúsi, og dómari getur kallað til sérfræðing til að aðstoða við skýrslutöku þegar um er að ræða fatlað vitni eða barn undir 15 ára aldri.

Með lögum nr. 53/2024 voru jafnframt rýmkaðar heimildir til notkunar fjarfundabúnaðar við rannsókn mála og fyrir dómi. Þær breytingar geta auðveldað þátttöku einstaklinga sem eiga erfitt með að mæta á vettvang vegna fötlunar, heilsufars eða annarra aðstæðna. Sambærilegar breytingar voru gerðar á lögum um meðferð einkamála.

Þessar ráðstafanir miða að því að tryggja aðlögun við málsmeðferð og stuðning sem tekur mið af þörfum og aðstæðum fatlaðs fólks og barna á öllum stigum dómsmála.

(b) Measures to identify and address multiple and intersecting forms of disadvantage within the justice system to ensure access to justice, in particular for women with disabilities who are victims of gender-based violence;

Í apríl 2026 kynnti dómsmálaráðherra fyrstu landsáætlun íslenskra stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi gagnvart konum fyrir árin 2026–2030. Í áætluninni er sérstök áhersla lögð á að tekið sé mið af reynslu og stöðu jaðarsettra hópa, þar á meðal fatlaðra kvenna, við framkvæmd og mat á aðgerðum.

Meðal aðgerða er rannsókn á reynslu og viðhorfum þeirra sem starfa innan réttarvörslukerfisins við meðferð kynbundinna ofbeldismála. Markmið rannsóknarinnar er meðal annars að meta hvort breytingar á löggjöf og verklagi hafi skilað bætri réttarvernd og hvort þörf sé á frekari úrbótum fyrir hópa sem standa frammi fyrir fjölbættri mismunun.

Á grundvelli niðurstaðna rannsóknarinnar verður þróuð fræðsla fyrir lögreglu, ákærendur, dómara og starfsfólk sýslumanna um meðferð kynbundins ofbeldis og stöðu brotþola. Gert er ráð fyrir að fræðslan taki meðal annars mið af þörfum fatlaðra kvenna og þeim aðlögunum sem lögfestar voru með breytingum á lögum um meðferð sakamála árið 2022 til að bæta aðgengi fatlaðs fólks að réttarkerfinu.

- (c) Measures to provide training for police officers, prosecutors, judges, and other justice system personnel on the rights of persons with disabilities, including on communication accessibility, non-discrimination, and procedural accommodations;

Fræðsla um réttindi fatlaðs fólks og samskipti við fólk í viðkvæmri stöðu er hluti af menntun og starfsþróun innan réttarkerfisins. Í diplómanámi í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri og í stjórnendanámi fyrir varðstjóra er fjallað um réttarstöðu fatlaðs fólks, samskipti við lögreglu og þarfir fólks í viðkvæmri stöðu. Sambærileg fræðsla er veitt í námi fangavarda.

Lögreglan hefur jafnframt þróað rafrænt fræðsluefni um ólíkar birtingarmyndir fötlunar í samstarfi við hagsmunasamtök, stofnanir og háskólasamfélagið. Efnið er notað við þjálfun lögreglu og fangavarda og tekur meðal annars til samskipta, skilnings á fötlun og viðeigandi viðbragða.

Undanfarin ár hefur Menntasetur lögreglu lagt aukna áherslu á réttindi fólks í viðkvæmri stöðu og innleiðingu Mendez-viðmiðanna frá 2021 um siðferðilegar og réttláta skýrslutöku. Árið 2025 voru haldin sérhæfð námskeið og fyrirlestrar fyrir rannsóknarlögreglumenn og starfsfólk ákærvalds um skýrslutöku, réttláta málsmeðferð og samskipti við einstaklinga í viðkvæmri stöðu, þar á meðal fatlað fólk.

- (d) The application and provision of ‘appropriate adults’ (Hæfur stuðningsaðili) for persons with disabilities under the Code of Criminal Procedure no 88/2008, including the criteria, responsibilities and appointment of ‘appropriate adults’.

Með lögum nr. 61/2022 voru gerðar breytingar á lögum um meðferð sakamála þannig að við skýrslutöku skuli bjóða fötluðum sakborningi eða fötluðu vitni að hafa með sér hæfan stuðningsaðila. Breytingunni var ætlað að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks og bæta réttarstöðu þess við meðferð sakamála bæði á rannsóknarstigi hjá lögreglu og fyrir dómstólum.

Hæfur stuðningsaðili getur meðal annars verið réttindagæslumaður fatlaðs fólks eða annar aðili sem einstaklingurinn treystir og er fær um að veita stuðning í samskiptum og við þátttöku í málsmeðferð. Lögð er áhersla á að stuðningsaðilinn hafi ekki hagsmunatengsl við málið og sé hvorki vitni né aðili þess.

Hlutverk stuðningsaðilans er að styðja einstaklinginn meðan á skýrslutöku stendur og stuðla að því að hann geti skilið málsmeðferðina og tekið virkan þátt í henni. Stuðningsaðilinn kemur ekki fram fyrir hönd einstaklingsins, svarar ekki spurningum í hans stað og hefur ekki sjálfstætt hlutverk við rannsókn eða úrlausn málsins. Val á stuðningsaðila tekur mið af óskum og trausti þess fatlaða einstaklings sem í hlut á.

Liberty and security of person (art. 14)

11. Please provide updated information on:

- (a) Measures taken to review, amend or repeal existing legislation that allows for the deprivation of liberty based on impairment and compulsory treatment, including in mental health and legal competence contexts;

Frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, um takmörkun á beitingu nauðungar, er nú til meðferðar á Alþingi. Markmið frumvarpsins er að lögfasta meginreglu um bann við beitingu nauðungar í heilbrigðisþjónustu og setja skýrari lagaramma um þau undantekningartilvik þar sem talið er nauðsynlegt að grípa til þvingana eða annarra inngrípa í sjálfsákvörðunarrétt, frelsi og friðhelgi einkalífs sjúklinga.

Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir skilgreiningu á nauðung og fjarvöktun, skilyrðum fyrir beitingu slíkra úrræða og málsmeðferðarreglum, þar á meðal skráningarskyldu, kærueimildum og rétti til að bera mál undir dómstóla. Jafnframt er lögð áhersla á að beiting nauðungar verði aðeins heimil þegar brýn nauðsyn krefur, að ekki sé gengið lengra en þörf er á og að ávallt sé gætt mannlegrar reisnar og samráðs við sjúkling eftir því sem kostur er.

Frumvarpið inniheldur einnig sérstök ákvæði um réttindi barna undir 18 ára aldri, m.a. um upplýsingagjöf, þátttöku barna í ákvörðunum og tíðari endurskoðun ákvarðana um nauðung eða fjarvöktun. Við gerð frumvarpsins var m.a. litið til skýrslu umboðsmanns Alþingis um lokaðar deildir geðsviðs Landspítala, laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, laga nr. 80/2025 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og leiðbeininga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um geðheilbrigði, mannréttindi og löggjöf.

- (b) Legislative and policy measures to address provisions governing legal insanity, unfitnes to stand trial, and security detention that allow for the indefinite detention of persons with disabilities without procedural safeguards;

Haustið 2025 lagði dómismálaráðherra fram frumvarp til endurskoðunar á ákvæðum almennra hegningarlaga um öryggisráðstafanir gagnvart einstaklingum sem hafa verið sýknaðir vegna ósakhæfis eða taldir þannig á sig komnir að refsing teljist ekki bera árangur. Markmið frumvarpsins er að styrkja réttaröryggi þeirra sem sæta slíkum ráðstöfunum og koma í veg fyrir óskýra eða ótímabundna beitingu þeirra. Frumvarpið felur meðal annars í sér skýrari skilyrði fyrir beitingu öryggisráðstafana, nánari reglur um tegund og lengd ráðstafana og auknar málsmeðferðartryggingar. Gert er ráð

fyrir að öryggisráðstafanir verði ávallt ákveðnar af dómstólum og að regluleg endurskoðun fari fram á nauðsyn þeirra og frumkvæðisskyldur lagðar á íslenska ríkið í því sambandi.

Samhliða var vorið 2026 lagt fram frumvarp um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausnum. Þar er gert ráð fyrir heildstæðum lagaramma um framkvæmd öryggisráðstafana með áherslu á mannréttindi, réttaröryggi, sjálfsákvörðunarrétt, lífsgæði og samfélagslega þátttöku þeirra sem sæta slíkum ráðstöfunum. Frumvarpið gerir ráð fyrir skýrari reglum um framkvæmd ráðstafana, reglulegri endurskoðun þeirra, stofnun sérstakrar Miðstöðvar um öryggisráðstafanir og auknum réttindum þeirra sem sæta ráðstöfunum, meðal annars rétt til sérstaks talsmanns, einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar og viðeigandi félags- og heilbrigðisþjónustu.

Við undirbúning frumvarpanna var litið til alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga Íslands. Sjá einnig svar við spurningu 11(a).

- (c) Measures to address the lack of access to conditional release for prisoners with disabilities on an equal basis with others, and the ongoing detention of prisoners with disabilities after completion of their sentence due to the lack of adequate resources in the community.

Samkvæmt 80. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga geta fangar fengið reynslulausn að uppfylltum lögbundnum skilyrðum. Reglurnar gilda jafnt um fatlaða og ófatlaða fanga og byggja á einstaklingsbundnu mati á aðstæðum viðkomandi.

Við mat á reynslulausn er meðal annars litið til búsetu, stuðningsþarfa og þess hvort viðeigandi úrræði séu til staðar í samfélaginu. Í tilvikum fatlaðra fanga hefur komið upp að skortur á viðeigandi búsetu- eða stuðningsúrræðum hafi tafið reynslulausn eða útskrift úr fangelsi þrátt fyrir að önnur skilyrði hafi verið uppfyllt.

Til að bregðast við þessu hefur Fangelsismálastofnun aukið samstarf við félagsþjónustu sveitarfélaga og aðra þjónustuaðila með það að markmiði að tryggja viðeigandi búsetu og stuðning áður en afplánun lýkur. Markmiðið er að draga úr hættu á að einstaklingar dvelji lengur í fangelsi en ella vegna skorts á samfélagsúrræðum. Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun hefur slíkum tilvikum fækkað á síðustu árum vegna þessa samstarfs.

Protection against torture and other cruel, inhuman or degrading treatment or punishment (art. 15)

12. Please provide updated information on:

- (a) The status of the Bill to amend Act No.47/2010 to ensure compensation for children with disabilities who were victims of inhuman and degrading treatment in institutions (CRPD/C/ISL/1, para.131);

Frumvarp til breytinga á lögum nr. 47/2010 um sanngirniseftbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 27/2007 var lagt fram árið 2020 og samþykkt sem lög nr. 148/2020. Með lagabreytingunni var réttur til sanngirniseftbóta rýmkaður þannig að hann næði til fatlaðra barna sem höfðu verið vistuð á sólarhringsstofnunum á vegum hins opinbera. Jafnframt var fellt niður það skilyrði að sérstök opinber rannsókn hefði farið fram á viðkomandi stofnun áður en bætur kæmu til álita.

Lagabreytingunni var ætlað að tryggja að fatlaðir einstaklingar sem höfðu sætt ómannúðlegri eða óforsvaranlegri meðferð í barnæsku gætu fengið bætur án tímaflekrar rannsóknar á hverri stofnun fyrir sig. Lögin ná til starfsemi stofnana fram til 1. febrúar 1993.

Eftir gildistöku laganna 1. janúar 2021 annaðist sýslumaður framkvæmd bótagreiðslna. Alls bárust 62 umsóknir vegna dvalar á heimilum fyrir fötluð börn; 51 umsækjandi fékk bætur en 11 umsóknum var hafnað þar sem þær féllu ekki undir gildissvið laganna.

Núverandi ríkisstjórn hefur jafnframt boðað frumvarp um almennar sanngirniseftbætur sem ætlað er að ná til einstaklinga sem ekki hafa fallið undir fyrri löggjöf um sanngirniseftbætur.

- (b) Measures taken to address the prevalent use of solitary confinement against children and adults with disabilities in pre-trial detention;

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála getur dómari ákveðið að einstaklingur sæti vistun á sjúkrahúsi eða annarri viðeigandi stofnun í stað gæsluvarðhalds í fangelsi. Heimildin getur meðal annars komið til skoðunar þegar um er að ræða einstaklinga með fötlun eða aðrar sérstakar stuðningsþarfar.

Ef fatlaður einstaklingur sætir gæsluvarðhaldi og einangrun gilda sömu réttindi og verndarráðstafanir og um aðra fanga. Allir sem hefja gæsluvarðhald hitta lækni eins fljótt og auðið er og geta óskað eftir viðtölum við sálfræðing eða fulltrúa trú- og lífsskoðunarfélaga. Í einstökum tilvikum hefur Fangelsismálastofnun leitað ráðgjafar hjá hagsmunasamtökum og sérfræðiaðilum til að mæta betur þörfum fatlaðra einstaklinga í gæsluvarðhaldi.

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga skulu börn undir 18 ára aldri að jafnaði vistuð á vegum barnaverndaryfirvalda. Vistun barns í fangelsi er aðeins heimil í undantekningartilvikum þegar sérfræðimat liggur fyrir um að það sé barninu fyrir bestu.

Ekki eru í gildi sérstakar reglur um einangrun fatlaðs fólks í gæsluvarðhaldi og ekki liggja fyrir sérstakar aðgerðir sem beinast sérstaklega að því að draga úr notkun einangrunar gagnvart fötluðu fólki. Hins vegar er heimild dómstóla til að beita öðrum úrræðum en fangelsisvist og sérstök vernd barna mikilvægur hluti þeirrar verndar sem fyrir hendi er.

- (c) Measures taken to protect children and adults with disabilities from harmful practices, such as the use of restrictive practices, aversive behavioural techniques, coercion and forced treatment in psychiatric facilities, social care homes, residential and school settings;

Til að verja fötluð börn og fullorðna gegn skaðlegum venjum, þar á meðal nauðung, takmörkunum og annarri íþyngjandi framkvæmd, hefur verið lögð áhersla á réttindavernd, eftirlit, fræðslu og þróun stuðningsúrræða. Samkvæmt lögum nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk starfar sérfræðiteymi skv. 14. gr. laganna með það hlutverk að stuðla að því að dregið sé úr beitingu nauðungar og annarra íþyngjandi úrræða gagnvart fötluðu fólki og veita ráðgjöf um viðeigandi stuðningsleiðir.

Í landsáætlun um innleiðingu SRFF er unnið að aðgerð E.4 sem miðar að styrkingu sérfræðiteymisins, m.a. með aukinni sérfræðiþekkingu og fjölgun starfsmanna, sérstaklega vegna flókinna mála þar sem hætta er á beitingu nauðungar eða takmarkana. Jafnframt er í aðgerð A.9 gert ráð fyrir gerð fræðsluefnis fyrir starfsfólk sem vinnur með fötluðu fólki um persónuvernd, upplýsingaöryggi og ábyrgð í þjónustu.

Réttindagæsla fatlaðs fólks og persónulegir talsmenn gegna einnig mikilvægu hlutverki við að fylgjast með réttindum einstaklinga og styðja við vernd gegn vanrækslu, takmörkunum og annarri óviðeigandi framkvæmd í þjónustu. Þá er frumvarp um takmörkun á beitingu nauðungar í heilbrigðisþjónustu nú til meðferðar á Alþingi, þar sem lagt er til að lögfesta meginreglu um bann við nauðung og setja skýrari reglur um skráningu, eftirlit og réttarræði þegar gripið er til slíkra inngripa.

- (d) The scope, mandate and complaint mechanisms of the National Preventive Mechanism (NPM) and whether it includes oversight, monitoring and reporting of harmful practices against persons with disabilities, such as forced treatment, restrictive practices and impairment-based detention.

Á Íslandi gegna nokkrar sjálfstæðar stofnanir mikilvægu hlutverki við eftirlit, vöktun og meðferð kvartana vegna mögulegra réttindabrot, nauðungar eða annarra skaðlegra starfshátta gagnvart fötluðu fólki.

Umboðsmaður Alþingis fer með hlutverk innlands forvarnaraðila samkvæmt valfrjálsri bókun við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum (OPCAT), sem Ísland fullgilti árið 2019. Í því felst heimild til eftirlitsheimsókna á stofnanir og aðra staði þar sem fólk kann að vera svipt frelsi sínu, þ.m.t. geðdeildir og önnur úrræði þar sem fatlað fólk dvelur. Umboðsmaður getur tekið við kvörtunum, rannsakað aðstæður og birt ábendingar og skýrslur um mögulega misbeitingu eða ófullnægjandi aðstæður.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, samkvæmt lögum nr. 88/2021, hefur stjórnvíslyeftirlit með félags- og velferðarþjónustu, þar með talið búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk. Stofnunin tekur við kvörtunum og tilkynningum um alvarleg atvik og hefur heimildir til eftirlits og úrbótakrafna.

Embætti landlæknis hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustu og réttindum sjúklinga, þar á meðal í tilvikum sem varða nauðung eða þvingandi úrræði í heilbrigðiskerfinu.

Mannréttindastofnun Íslands fer með almennt hlutverk varðandi framkvæmd mannréttindasamninga, þar á meðal samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, og annast jafnframt réttindagæslu fatlaðs fólks samkvæmt lögum nr. 88/2011.

Protection from exploitation, violence and abuse (art. 16)

13. Please provide updated information on:

- (a) The status of revision of the existing legislation to protect persons with disabilities from exploitation, violence and abuse (CRPD/C/ISL/1, para.133), as well as the outcome of the assessment of the 28-part action plan on measures against violence and its consequences for 2019-2022, and whether the action plan takes an intersectional approach and has been extended beyond 2022;

Áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess 2019–2022 var ekki formlega framlengd eftir lok gildistíma hennar. Á gildistíma áætlunarinnar skipuðu stjórnvöld þó sérstakt aðgerðateymi í tengslum við heimsfaraldur COVID-19 til að samræma viðbrögð og hrinda í framkvæmd aðgerðum gegn ofbeldi, meðal annars í samræmi við áherslur áætlunarinnar. Greiningardeild ríkislögreglustjóra var falið að vinna skýrslu um ofbeldi gegn fötluðu fólki og í framhaldinu var gripið til aðgerða sem sneru m.a. að því að skoða hvernig skrá megi ofbeldi gegn fötluðu fólki við skráningu mála í

lögglukerfinu, veita fagleg ráðgjöf til frjálsra félagasamtaka bæði innan hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og þeirra sem sinna þjónustu vegna ofbeldis, halda jafningjanámskeið fyrir fatlað fólk með það að markmiði að auka réttarvitund, sjálfsskilning og líkamsvirðingu og jafnframt fjalla um misrétti og ólíkar birtingarmyndir ofbeldis og hvernig sé hægt að leita sér aðstoðar telji þátttakendur sig hafa orðið fyrir ofbeldi eða að á rétti sínum hafi verið brotið, halda námskeið fyrir fagfólk innan löggæslu og dómskerfis um birtingarmyndir ofbeldis í lífi fatlaðs fólks, bjóða upp á forvarnarnámskeið fyrir ungmenni með frávík í taugaþroska á aldrinum 15-20 ára og kynna fyrir barnaverndarnefndum meðferðarúræði fyrir drengi á aldrinum 12-17 ára sem eru með frávík í þroska.

- (b) Measures to prevent and respond to all forms of exploitation, violence and abuse of persons with disabilities, including the provision of gender-and age-appropriate complaints mechanisms, accessible victim assistance and support services, and disaggregated data collection;

Íslensk löggjöf og stefnumótun fela í sér ýmsar ráðstafanir sem miða að því að fyrirbyggja og bregðast við misnotkun, ofbeldi og annarri vanvirðandi meðferð gagnvart fötluðu fólki. Í 5. kafla laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fatlaðs fólks er kveðið á um sérstakar ráðstafanir til að draga úr beitingu nauðungar og annarra íþyngjandi úrræða í þjónustu við fatlað fólk. Jafnframt starfar sérfræðiteymi samkvæmt lögum sem hefur það hlutverk að stuðla að fækkun nauðungarráðstafana og veita ráðgjöf um viðeigandi stuðningsleiðir.

Fatlað fólk getur leitað til Mannréttindastofnunar Íslands, réttindagæslu fatlaðs fólks, Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, Embættis landlæknis, lögreglu og eftir atvikum Umboðsmanns Alþingis vegna kvartana eða ábendinga um ofbeldi, misnotkun, vanrækslu eða þjónustubrest. Þessar leiðir eru jafnframt aðgengilegar börnum með stuðningi eftir þörfum.

Í landsáætlun um innleiðingu SRFF eru sérstakar aðgerðir sem miða að aukinni vernd gegn ofbeldi, misnotkun og nauðung, eflingu réttindagæslu og innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

- (c) Measures taken to implement the recommendations of the CEDAW Committee (CEDAW/C/ISL/CO/9, para.26) to adopt a comprehensive law on all forms of gender-based violence against women, in particular domestic violence, establish identification mechanisms, adopt a new parliamentary resolution to combat gender-based violence, including sexual and domestic violence, against women and girls, with a particular focus on women and girls with disabilities, ensure compliance of all police departments with the instructions of the Director of Public Prosecutions on the handling and investigation of sexual offences when the victim is a person with disabilities, and ensure that women and girls with disabilities who are victims of gender-based violence, have adequate access to victim support services and shelters.

Sjá einnig svar við 10(b) varðandi landsáætlun íslenskra stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi gagnvart konum 2026–2030.

Í landsáætlun um innleiðingu SRFF er í aðgerð E.11 lögð sérstök áhersla á aukna vernd fatlaðs fólks gegn ofbeldi, með sérstakri áherslu á stöðu fatlaðra kvenna og kvára. Þar er gert ráð fyrir að starfshópur á vegum félags- og vinnumarkaðsráðherra, sem vinnur að endurskoðun laga- og reglugerðarumhverfis um þjónustu við þolendur og gerendur ofbeldis með hliðsjón af Istanbúl-samningnum, marki leiðir til að styrkja vernd fatlaðs fólks gegn ofbeldi.

Aðgerðin felur meðal annars í sér að skoða sérstaklega stöðu fatlaðra kvenna og kvára og meta hvort þörf sé á breytingum á lögum, regluverki, þjónustu eða verklagi til að tryggja þeim betri vernd og aðgengilegri úrræði þegar kemur að kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi.

Protection of personal integrity (art. 17)

14. Please provide information on:

- (a) Legislative and policy measures to protect women and girls with disabilities from sterilisation, contraception and abortion without their free, prior and informed consent, as well as information on adequate access to sexual and reproductive health services and information in accessible formats, including on family planning and protection from sexual abuse;

Íslensk löggjöf byggir á þeirri meginreglu að læknisfræðileg inngríp, þar á meðal ófrjósemisaðgerðir, getnaðarvarnir og þungunarrof, verði ekki framkvæmd nema með frjálsu og upplýstu samþykki viðkomandi einstaklings. Samkvæmt lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga skal samþykki byggjast á fullnægjandi upplýsingagjöf sem einstaklingurinn getur skilið. Þetta er nánar útfært í sérlögum sem varða kynheilbrigði. Samkvæmt lögum nr. 35/2019 um ófrjósemisaðgerðir er meginreglan sú að einstaklingur þarf að hafa náð 18 ára aldri til að óska eftir aðgerð, og einungis í undantekningartilvikum

má framkvæma hana á ólöggráða einstaklingi ef frjósemi hefur alvarleg áhrif á líf eða heilsu hans, en þá að undangenginni staðfestingu tveggja lækna og samþykki sérstaklega skipaðs lögráðamanns. Vernd gegn þvinguðu þungunarrofi er tryggð í lögum nr. 43/2019 um þungunarrof þar sem kveðið er á um að inngripnið skuli ávallt framkvæmt að beiðni konunnar sjálfar, og hafa ólöggráða stúlkur sjálfstæðan rétt til beiðninnar án samþykkis foreldra. Jafnframt er í lögum nr. 88/2011 um réttindagæslu fatlaðs fólks lögð áhersla á sjálfsákvörðunarrétt og stuðning við upplýsta ákvarðanatöku. Lög nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir kveða á um skyldu til að veita ráðgjöf um kynlíf, ábyrgð foreldrahlutverksins og útvegum getnaðarvarna á kostnað hins opinbera. Samkvæmt lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu á landsmönnum að standa til boða fullkomnasta heilbrigðisþjónusta sem völ er á. Til að tryggja aðgengi fatlaðs fólks kveður reglugerð nr. 1582/2024 um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra á um verulega lægri hámarkskostnað fyrir öryrkja, gjaldfrjálsa meðgönguvernd og niðurgreiddar getnaðarvarnir. Þá leggja lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir þá skyldu á hið opinbera að veita stöðþjónustu sem mætir þörfum fatlaðra foreldra vegna umönnunar barna sinna, sem er órjúfanlegur hluti af réttinum til fjölskyldulífs. Jafnframt hafa stjórnvöld lagt áherslu á aðgengilega upplýsingagjöf og aukna vernd fatlaðra kvenna og stúlkna gegn ofbeldi í landsáætlun og öðrum opinberum aðgerðaáætlunum sjá einnig svör við spurningum 3 a) og c) og 10 b).

(b) Legislative and policy measures to protect intersex children from medically unnecessary and deferrable without exception.

Vernd intersex barna gegn ónauðsynlegum og óafturkræfum læknisfræðilegum inngripum byggir einkum á lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði, með síðari breytingum. Samkvæmt 11. gr. a laganna eiga börn sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni rétt til líkamlegrar friðhelgi. Meginreglan er sú að varanlegar breytingar á kyneinkennum barns yngra en 16 ára skulu einungis gerðar í samræmi við vilja barnsins og þróun kynvitundar þess. Sé barn ófært um að veita samþykki sökum ungs aldurs eða annarra orsaka er eingöngu heimilt að breyta kyneinkennum varanlega ef heilsufarslegar ástæður krefjast þess, að undangengnu ítarlegu mati á nauðsyn inngrips og afleiðingum þess. Í ákvæðinu er skýrt tekið fram að félagslegar, sálfélagslegar og útlitslegar ástæður teljist ekki heilsufarslegar ástæður í þessum skilningi. Samkvæmt lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga ber jafnframt að hlífa börnum við ónauðsynlegum rannsóknum og aðgerðum og taka mið af skoðunum þeirra í samræmi við aldur og þroska. Börn með ódæmigerð kyneinkenni og fjölskyldur þeirra eiga rétt á ráðgjöf og stuðningi frá sérhæfðu þverfaglegu teymi samkvæmt lögum nr. 80/2019. Í undantekningartilvikum þar sem talið er að heilsufarslegar ástæður réttlæti inngrip eru gerðar ríkar kröfur um faglegt mat, skráningu og málsmeðferð. Ákvarðanir sæta jafnframt eftirliti og unnt er að leita endurskoðunar hjá embætti landlæknis. Þessi lagaumgjörð byggir á vernd sjálfsákvörðunarréttar og líkamlegrar friðhelgi intersex barna og þeirri meginreglu að ónauðsynlegum og óafturkræfum inngripum skuli fresta þar til barnið getur sjálft tekið upplýsta ákvörðun.

Liberty of movement and nationality (art. 18)

15. Please provide information on:

(a) Measures taken to ensure that persons with disabilities can obtain national identity documents, digital authentication, and travel documents independently on an equal basis with others;

Íslenskir ríkisborgarar eiga rétt á að fá útgefin vegabréf (samkvæmt lögum nr. 136/1998 um vegabréf) og nafnskírteini (samkvæmt lögum nr. 55/2023 um nafnskírteini). Nafnskírteini teljast gild persónuskilríki og ferðaskilríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fatlað fólk nýtur að jafnaði sama réttar og aðrir til að sækja um og fá útgefin persónu- og ferðaskilríki. Undantekningar frá því lúta að einstaklingum sem hafa verið sviptir sjálfræði samkvæmt lögræðislögum, en í þeim tilvikum er áskilið samþykki lögráðamanns við útgáfu tiltekinna skilríkja. Sambærilegar reglur gilda um börn undir 18 ára aldri.

Auk hefðbundinna skilríkja hefur rafræn auðkenning orðið lykilleið að opinberri þjónustu á Íslandi. Í landsáætlun er aðgerð B.2. þar sem lögð er sérstök áhersla á stafrænt aðgengi og að fatlað fólk geti nýtt sér rafræna þjónustu og auðkenningarleiðir til jafns við aðra, meðal annars með aðgerðum sem miða að bættu stafrænu aðgengi og aðgengilegri upplýsingagjöf.

(b) The impact of amendments to article 33 of the Foreign Nationals Act no. 80/2016 on asylum seekers and refugees with disabilities, the measures to ensure that migration, asylum, and nationality procedures are accessible and inclusive for persons with disabilities, including children with disabilities, and that ‘vulnerability’ assessments enable the identification of disability and the provision of disability-related supports.

Í landsáætlun um innleiðingu SRFF er í aðgerð E.3 gert ráð fyrir samræmdu verklagi við mat á fötlun umsækjenda um alþjóðlega vernd og uppbyggingu víðeigandi stuðningsúrræða. Markmið aðgerðarinnar er að tryggja að fötlun og stuðningsþarfir umsækjenda séu greindar með markvissum hætti á fyrstu stigum málsmeðferðar. Samkvæmt aðgerðinni skal þróa samræmt verklag fyrir fagaðila sem taka greiningarviðtöl við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd. Í móttökumiðstöð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd skal fara fram greiningarviðtal á vegum fagaðila sem búa yfir þekkingu og færni til að meta mismunandi skerðingar og stuðningsþarfir fatlaðs fólks þegar vísbendingar eru um fötlun. Á grundvelli slíks mats skal eftir atvikum gerð áætlun um stuðningsúrræði sem tekur mið af einstaklingsbundnum þjónustuhörfum. Aðgerðin er ætlað að stuðla að því að málsmeðferð í alþjóðlegri vernd verði aðgengilegri og betur í stakk búin til að greina og mæta þörfum fatlaðs fólks, þar á meðal fatlaðra barna.

Right to live independently and to be included in the community (art. 19).

16. Please provide information on:

(a) The scope and eligibility of the Act on Services for the Disabled with Long-Term Support Needs No. 38/2018 and the Municipal Social Services Act, and how they interact to provide a coordinated approach to services, including in rural and small municipalities to ensure participation and inclusion in society;

Lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga mynda saman ramma um þjónustu við fatlað fólk. Almennt er litið svo á að þjónusta samkvæmt félagsþjónustulögum sé grunnþjónusta sem stendur öllum til boða, en þjónusta samkvæmt lögum nr. 38/2018 sé viðbótarstuðningur fyrir einstaklinga með umfangsmiklar og langvarandi stuðningsþarfir. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 38/2018 verður réttur til þjónustu samkvæmt þeim lögum virkur þegar réttur til þjónustu samkvæmt annarri löggjöf hefur verið nýttur.

Þótt lögin byggji á sameiginlegri hugmyndafræði um sjálfstætt líf, þátttöku og einstaklingsmiðaðan stuðning er ekki lögbundið hvernig sveitarfélög skuli samhæfa þjónustu samkvæmt lögnum eða hvernig skipulagi þjónustunnar skuli háttað. Þetta getur skapað áskoranir, sérstaklega í dreifbýli og smærri sveitarfélögum þar sem aðgengi að sérhæfðri þjónustu og samhæfing úrræða er oft takmarkaðri.

Við undirbúning lagabreytinga hefur verið rætt um að styrkja lagaramma um samstarf sveitarfélaga og samhæfingu þjónustu, meðal annars með skýrari skyldum til samvinnu og mögulegri lágmarksstærð þjónustusvæða. Markmiðið er að tryggja jafnt aðgengi að þjónustu og stuðla að fullri samfélagsþátttöku fatlaðs fólks óháð búsetu.

(b) Measures to adopt a deinstitutionalisation strategy to phase out institutional care, to address the significant lack of appropriate and accessible housing across the State Party, and to address inconsistent access to community-based support services in particular in rural areas and small municipalities;

Ísland hefur lagt áherslu á sjálfstætt líf og þátttöku í samfélaginu í samræmi við lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sjá svar við 16.a)

Í landsáætlun um innleiðingu SRFF eru nokkrar aðgerðir sem miða að því að styðja við afstofnanavæðingu og sjálfstætt líf. Í aðgerð C.5 er gert ráð fyrir greiningu á því hvernig þjónusta og fjármagn geti fylgt einstaklingi fremur en tilteknu búsetuformi eða stofnun. Í aðgerð C.6 er gert ráð fyrir kortlagningu á stöðu fatlaðs fólks sem býr á stofnunum eða í búsetuúrræðum gegn vilja sínum og gerð áætlana um uppbyggingu fjölbreyttra búsetu- og þjónustuúrræða í heimabyggð. Í skýrslunni *Húsnæði við hæfi*, sem birt var í maí 2026, kemur fram að verulegur skortur sé á aðgengilegu og þjónustutengdu húsnæði fyrir fatlað fólk. Samkvæmt skýrslunni eru um 440 einstaklingar á biðlista eftir búsetu með þjónustu og þörf á 240–304 nýjum íbúðum til að mæta núverandi þörf. Þar er lögð áhersla á að líta á búsetu sem heimili fremur en þjónustuúrræði og að efla stuðning við sjálfstæða búsetu.

Stjórnvöld hafa jafnframt aukið samstarf við sveitarfélög um skipulagningu, fjármögnun og uppbyggingu húsnæðis og stuðningsþjónustu. Áhersla hefur verið lögð á einstaklingsmiðaða og sveigjanlega þjónustu, fjölgun samfélagslegra búsetuúrræða, aukið aðgengi og algilda hönnun í húsnæðismálum, sem og bætt samhæfingu sérhæfðrar þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt er lögð áhersla á samræmda áætlanagerð, sameiginlegt mat á húsnæðis- og þjónustuhörfum á landsvísu og aukið samstarf sveitarfélaga, sérstaklega í dreifbýli og smærri sveitarfélögum.

(c) Measures to resolve administrative disputes and inaction between the State and municipalities that result in long waiting times and regional disparities in support and assistance;

Til að bregðast við ágreiningi um ábyrgð og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og draga úr mismunandi aðgengi að þjónustu milli landsvæða er í landsáætlun um innleiðingu SRFF unnið að aðgerðum E.13 og E.14.

Aðgerð E.13 felur í sér samstarf ríkis, sveitarfélaga, háskóla og hagsmunasamtaka um þróun nýrrar nálgunar í þjónustu með áherslu á gæði, hagkvæmni og samræmingu. Aðgerð E.14 beinist sérstaklega að kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu

ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að skýra verkaskiptingu, bæta samhæfingu þjónustu og draga úr ágreiningi um ábyrgð einstakra þjónustubátta.

Í Áfangaskýrslu II um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu kemur fram að óskýr mörk milli ábyrgðar ríkis og sveitarfélaga, einkum þegar um er að ræða einstaklinga með miklar og flóknar stuðningsþarfir, hafi skapað óvissu, tafir og mismunandi framkvæmd milli sveitarfélaga. Í skýrslunni eru lagðar fram tillögur um skýrari verkaskiptingu, samræmt mat á stuðningsþörf og styrkingu samstarfs milli stjórnvalda og þjónustuveitenda.

Sjá einnig svar 16.b) um tillögur í skýrslunni *Húsnæði við hæfi* varðandi samræmingu þjónustu, húsnæðisuppbyggingu og styttingu biðtíma. Markmið þessara aðgerða er að stuðla að meira jafnræði í aðgengi að þjónustu óháð búsetu og tryggja að stuðningur taki mið af þörfum einstaklings fremur en stjórnsýslulegum mörkum.

- (d) Measures to increase access to user-controlled personal assistance (NPA), including for persons with intellectual and psychosocial disabilities and to address inconsistent eligibility and application across municipalities.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er lögbundið þjónustuform samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ríkissjóður tekur þátt í fjármögnun þjónustunnar og nemur framlag hans 25% af heildarkostnaði NPA-samninga. Frá gildistöku laganna hefur verið unnið að innleiðingu þjónustuformsins og endurskoðun reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð með það að markmiði að bregðast við þeim álitaeftum sem komið hafa upp við framkvæmd þjónustunnar.

Sjá einnig svar við 16. b) varðandi aðgerð C.5. sem snýr að því að auka valfrelsi og sjálfstæði notenda, þar á meðal í tengslum við NPA. Hluti verkefnisins felur í sér greiningu á núverandi framkvæmd þjónustu, þörf fyrir laga- og reglugerðarbreytingar og mögulegar leiðir til að auka valfrelsi og sjálfstæði fatlaðs fólks.

Jafnframt hefur verið bent á að aðgengi að NPA og framkvæmd þjónustunnar sé ekki að öllu leyti samræmd milli sveitarfélaga. Unnið er að því að greina þær áskoranir og leggja fram tillögur sem stuðla að auknu jafnræði í aðgengi að þjónustunni óháð búsetu. Markmið þeirrar vinnu er að tryggja að einstaklingar með ólíkar stuðningsþarfir, þar á meðal fólk með vitsmunalega og sálfélagslega fötlun, geti notið þjónustunnar á grundvelli einstaklingsbundins mats og í samræmi við sjálfsákvörðunarrétt sinn.

Personal mobility (art.20)

17. Please provide updated information on:

- (a) Measures to ensure the quality and equal distribution of mobility aids, devices, assistive technologies and forms of live assistance and intermediaries across the State Party, as well as on the outcome of the review of the term “assistive device” started in 2019 (CRPD/C/ISL/1, para.173);

Endurskoðun á hugtakinu „hjálpartæki“ er hafin. Í drögum að nýrri reglugerð um styrki vegna hjálpartækja er leitast við að aðgreina hjálpartæki sem styðja sjálfstæði, virkni og samfélagsþátttöku frá búnaði sem fyrst og fremst tengist læknisfræðilegri meðferð. Markmiðið er að skilgreining hjálpartækja endurspegli betur rétt fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs og þátttöku í samfélaginu.

Frá árinu 2021 hafa verið gerðar fjölmargar breytingar á reglugerð um styrki vegna hjálpartækja sem miða að því að bæta aðgengi, skýra rétt einstaklinga til hjálpartækja og auka möguleika til þátttöku í daglegu lífi, tómstundum og íþróttum. Meðal annars hafa réttindi einstaklinga sem búa á hjúkrunarheimilum eða sambærilegum stofnunum verið styrkt og aðgengi barna að hjálpartækjum til leiks og samfélagsþátttöku aukið.

Til að stuðla að jafnræði í aðgengi að hjálpartækjum um land allt hafa Sjúkratryggingar Íslands innleitt kerfi þar sem vottaðir heilbrigðisstarfsmenn víðs vegar um land geta metið þörf og úthlutað almennum hjálpartækjum án sérstakrar aðkomu stofnunarinnar. Jafnframt hefur verið byggt upp samræmt kerfi fyrir flokkun, viðhald og endurnýtingu hjálpartækja og gerðir samningar við þjónustuaðila í ólíkum landshlutum um viðgerðir og þjónustu.

- (b) Training programs in mobility and assistive technology for specialist staff working with persons with disabilities, in particular in rural and regional areas.

Boðið er upp á fræðslu og þjálfun fyrir fagfólk sem starfar með fötluðu fólki og aðstoðar við mat, úthlutun og notkun hjálpartækja. Sjúkratryggingar Íslands halda reglulega vottunarnámskeið fyrir iðjuþjálfara, sjúkráþjálfara og hjúkrunarfræðinga sem taka þátt í mati og afgreiðslu hjálpartækja samkvæmt umboðsveitingarkerfi stofnunarinnar.

Þjálfunin miðar að því að tryggja að fagfólk búi yfir nauðsynlegri þekkingu til að meta þörf fyrir hjálpartæki, aðlaga þau að þörfum notenda og veita leiðbeiningar um örugga og árangursríka notkun þeirra. Með þessu er leitast við að tryggja sambærilega þjónustu um land allt, þar á meðal í dreifbýli og á smærri þjónustuvæðum.

Umboðsveitingarkerfið stuðlar að því að sérþekking á hjálpartækjum og hjálpartækni sé til staðar í nærumhverfi notenda og að einstaklingar geti fengið mat og þjónustu án þess að þurfa að leita til miðlægra þjónustueininga.

Freedom of expression and opinion and access to information (art. 21)

18. Please provide updated information on:

(a) Measures to ensure that information intended for the general public is provided to persons with disabilities in accessible formats and technologies in a timely manner and without additional cost;

Stefna um stafræna þjónustu hins opinbera frá 2021 kveður á um að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið hins opinbera og að stafræn þjónusta skuli vera aðgengileg öllum og löguð að þörfum mismunandi notendahópa. Innleiðing stefnunnar hefur meðal annars farið fram í gegnum þróun Ísland.is og stafrænna kjarnalausna Stafræns Íslands, þar sem aðgengi er samþætt í hönnun og framsetningu efnis.

Aðgengisstefna fyrir opinbera vefi hefur verið í gildi frá árinu 2012 og miðar að því að tryggja aðgengi blindra, sjónskertra og annarra sem nýta hjálpartækni til að nálgast upplýsingar og þjónustu á netinu.

Í mars 2026 tóku gildi lög um aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila sem innleiða tilskipun (ESB) 2016/2102 um vefaðgengi. Markmið laganna er að tryggja að upplýsingar og stafræn þjónusta opinberra aðila séu aðgengilegar öllum, einkum fötluðu fólki, með því að gera vefsetur og smáforrit skynjanleg, nothæf, skiljanleg og traust. Lögin kveða jafnframt á um reglubundið eftirlit, skýrslugjöf og kvörtunarleiðir vegna aðgengis.

Þessar ráðstafanir miða að því að tryggja að upplýsingar og þjónusta á vegum hins opinbera séu aðgengilegar fötluðu fólki tímanlega og án viðbótarkostnaðar.

(b) Measures to ensure that public sector policy making, consultation and decision-making processes provide accessible communication formats, including sign language interpretation, Easy Read and alternative augmentative communication;

Meginleið íslenskra stjórnvalda til þess að auka gagnsæi og virka aðkomu almennings og hagsmunaaðila að stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila er í gegnum Samráðsgátt. Þar er á einum stað hægt að finna öll mál ráðuneyta sem birt hafa verið til samráðs við almenning. Öllum er frjálst að senda inn umsögn eða ábendingu.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hefur sl. ár veitt Miðstöð um auðlesið efni styrkt til rekstur miðstöðvarinnar. Verkefnið snýr m.a. að því að tryggja aðgengi fatlaðs fólks og almennings að auðlesnu efni m.a. með þýða texta frá stofnunum, fyrirtækjum og ráðuneytum yfir á auðlesið mál og veita ráðgjöf um miðlun upplýsinga á auðlesnu máli, sjá nánar á auðlesid.is. Verkefnið tryggir að fatlað fólk fái upplýsingar um málefni liðandi stundar eins og aðrir borgarar og geti tekið þátt í samfélaginu.

Samráð við almenning fer fram í samráðsgátt stjórnvalda sem er hluti af vefnum Ísland.is og fylgir þeirri framsetningu sem þar er viðhöfð. Aðgerðir til að bæta aðgengi fatlaðs fólks eru í skoðun en ekki hefur verið ákveðið endanlega hvaða leið eigi að fara í þeim efnum.

Stefnumótun, samráð og ferli ákvarðanatöku á ýmsum sviðum kann að fara fram með mismunandi hætti í ólíkum málaflokkum.

Respect for privacy (art 22)

19. Please provide updated information on legal remedies and monitoring mechanisms available to persons with disabilities whose right to privacy has been violated, particularly in cases involving unauthorized data transfer or breach of confidentiality within public institutions, on measures taken to ensure that persons in institutions are protected from arbitrary or unlawful interference with their privacy and correspondence.

Kveðið er á um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Réttur til friðhelgis einkalífs er jafnframt varinn af 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Umræddur réttur er nánar útfærður í fjölda laga. Þar má fyrst og fremst nefna lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Með umræddum lögum voru ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB lögfest. Markmið laganna er meðal annars að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Óheimilt er að vinna með persónuupplýsingar nema ákvæði 9. gr. laganna séu uppfyllt og í 11. gr. laganna má finna sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, t.d. um heilsufar einstaklinga en undir það skilyrði fellur m.a. líkamlegt eða andlegt heilbrigði einstaklings. Ef opinberar stofnanir hafa í hyggju að deila persónuupplýsingum um einstaklinga verða skilyrði 9. gr. og eftir atvikum 11. gr. laganna að vera uppfyllt. Ef brotið er gegn framangreindum ákvæðum geta einstaklingar lagt fram kvörtun hjá Persónuvernd, sérstöku eftirlitsstjórnvaldi. Fatlað fólk getur samkvæmt framangreindu kvartað til stofnunarinnar þegar réttur þeirra til friðhelgi einkalífs hefur verið brotinn.

Respect for the home and family (art. 23)

20. Please provide information on:

- (a) Measures to address legal and administrative barriers in child welfare assessments that frame disability as a risk factor resulting in disproportionate state intervention and separation of children from parents with disabilities;

Við mat á aðstæðum barna í barnaverndar- og velferðarmálum skal fötlun foreldris ekki ein og sér teljast áhættuþáttur. Mat skal byggja á einstaklingsbundnum aðstæðum barns og fjölskyldu, stuðningsþörf þeirra og því sem er barninu fyrir bestu.

Með innleiðingu farsæðarlaga hefur aukin áhersla verið lögð á snemmtækan og samhæfðan stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Markmiðið er að tryggja að viðeigandi stuðningur og þjónusta standi til boða áður en gripið er til íþyngjandi úrræða eða inngripa af hálfu stjórnvalda.

- (b) Measures taken to provide parents with disabilities with adequate and appropriate services and support to prevent the separation of children with disabilities from their family;

Til að styðja fatlaða foreldra og fjölskyldur fatlaðra barna og draga úr hættu á aðskilnaði barna frá fjölskyldum sínum er í farsæðarlögum kveðið á um samræmda þjónustu þvert á kerfi, og snemmtæka íhlutun til að tryggja að fjölskyldur fái viðeigandi stuðning áður en vandi verður alvarlegur.

Fatlaðir foreldrar og fjölskyldur fatlaðra barna geta jafnframt átt rétt á þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Slík þjónusta getur meðal annars falið í sér ráðgjöf, stuðningsþjónustu, notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), stuðningsfjölskyldur, skammtímadvöl, persónulegan stuðning, hagnýta aðstoð og fjárhagslegan stuðning vegna umönnunar barna með miklar stuðningsþarfir.

Markmið þessara úrræða er að styðja fjölskyldur í daglegu lífi, efla sjálfstætt líf og samfélagsþátttöku og koma í veg fyrir aðskilnað barna frá fjölskyldum sínum þegar unnt er að mæta þörfum þeirra með viðeigandi stuðningi og þjónustu.

- (c) Measures to eliminate discrimination against persons with disabilities, in particular persons with intellectual and/or psychosocial disabilities in all matters relating to marriage, family, parenthood and relationships, and to ensure their rights on an equal basis with others;

Sjá einnig svar við 2.c) um hvernig réttarvernd gegn mismunun á grundvelli fötlunar hefur verið styrkt á undanförunum árum. Til að styrkja rétt fatlaðs fólks til fjölskyldulífs og draga úr mismunun í málum sem varða hjónaband, foreldrahlutverk og fjölskyldutengsl er í landsáætlun um innleiðingu SRFF, aðgerð C.7 um rétt fatlaðs fólks til að njóta fjölskyldulífs. Markmið aðgerðarinnar er að tryggja að viðeigandi stuðningur standi til boða þannig að fatlað fólk geti notið réttar síns til hjónabands, fjölskyldulífs og foreldrahlutverks á eigin forsendum óháð fötlun. Aðgerðin felur meðal annars í sér kortlagningu og mótun leiðbeininga um mat á stuðningsþörf, aðgengi að þjónustu og hvort nægilegt tillit sé tekið til fjölskylduáðstæðna við ákvörðun stuðnings.

Þann 1. október 2023 tók jafnframt gildi ný reglugerð um ættleiðingar nr. 1030/2023. Með henni var horfið frá því að fötlun eða hreyfihömlun gæti ein og sér leitt til synjunar á umsókn um ættleiðingu eða forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni. Í stað þess er byggt á heildstæðu mati á aðstæðum umsækjenda. Þá stendur yfir endurskoðun barnalaga nr. 76/2003 og hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Þessar ráðstafanir miða að því að tryggja að fatlað fólk, þar á meðal fólk með vitsmunalega og/eða sálfélagslega fötlun, njóti réttar til hjónabands, fjölskyldulífs, foreldrahlutverks og náinna tengsla til jafns við aðra.

- (d) Measures to provide early and comprehensive information, services and support to children with disabilities and their families.

Sjá svör við 4.a), b) og 20 a) b) varðandi hlutverk farsæðarlaga.

Þá er sérhæfð ráðgjöf og stuðningur við börn með fötlun og fjölskyldur þeirra er jafnframt veitt af Ráðgjafar- og greiningarstöð samkvæmt lögum nr. 83/2003. Þjónustan felur meðal annars í sér greiningu, ráðgjöf, fræðslu og stuðning við fjölskyldur og fagfólk, auk þátttöku í skipulagningu þjónustu og stuðningsúrræða.

Í landsáætlun um innleiðingu SRFF er unnið að aðgerð E.1 sem miðar að því að stytta bið barna eftir mati á þjónustuþörf og þjónustu þannig að biðtími verði ekki lengri en þrjú mánuðir. Markmið aðgerðarinnar er að bæta aðgengi að snemmtækum stuðningi og draga úr töfum í þjónustukerfinu.

Þessar ráðstafanir miða að því að tryggja að fötluð börn og fjölskyldur þeirra fái aðgengilegar upplýsingar, viðeigandi þjónustu og nauðsynlegan stuðning eins snemma og kostur er og að þjónustan sé samræmd út frá þörfum barnsins og fjölskyldu þess.

Education (art. 24)

21. Please provide information on:

(a) Progress on implementation of the Icelandic Compulsory School Act and inclusive education policies, including measures to transition from segregated education pathways, including special schools and classes, to inclusive pedagogical environments, including in rural and regional areas;

Íslensk löggjöf og menntastefna byggja á þeirri meginreglu að öll börn eigi rétt á námi í almennum skóla án aðgreiningar. Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 eiga nemendur rétt á kennslu og stuðningi sem tekur mið af þörfum þeirra og fötlun eða stuðningsþörf á ekki ein og sér að leiða til aðgreiningar frá almennu skólasterfi. Sérskólar og sérúrræði eru þó enn hluti af skólakerfinu þegar talið er að almennur skóli geti ekki mætt þörfum barns með fullnægjandi hætti.

Á undanförunum árum hafa stjórnvöld lagt aukna áherslu á inngildandi menntun með Menntastefnu 2030, farsældarlögum og stofnun Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu árið 2024. Markmið þessara aðgerða er að styrkja stuðning innan almennra skóla, bæta samhæfingu milli mennta-, félags- og heilbrigðisþjónustu og stuðla að jafnari þjónustu óháð búsetu. Á skólaárinu 2024–2025 voru þrjár opinberir sérskólar starfandi með 186 nemendum af samtals 47.162 grunnskólanemendum, eða um 0,4% nemenda. Þetta bendir til þess að meirihluti fatlaðra barna sækir nám í almennum skólum, þótt aðgreind úrræði séu enn til staðar.

Ísland viðurkennir að innleiðing inngildandi menntunar sé enn misjöfn milli sveitarfélaga og að áfram sé þörf á auknum sérfræðistuðningi, samræmdari framkvæmd og sterkari stuðningi við minni sveitarfélög og dreifbýli til að tryggja að inngilding verði raunveruleg í framkvæmd um allt land

(b) Measures to ensure the availability of individualized support, such as personal assistance, assistive technologies, and adapted learning materials, for students with disabilities in mainstream schools;

Fatlaðir nemendur eiga samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 rétt á stuðningi í almennum skólum á grundvelli einstaklingsbundins mats á þörfum sínum. Markmið kerfisins er að stuðningur fylgi nemandanum innan almenns skólaumhverfis fremur en að nemandi þurfi að fara í aðgreint úrræði.

Sveitarfélög bera ábyrgð á skólaþjónustu sem felur m.a. í sér snemmtæka greiningu, ráðgjöf, stuðningsáætlanir og eftirfylgd. Nemendur með umfangsmeiri stuðningsþarfir geta jafnframt fengið samhæfðan stuðning á grundvelli farsældarlaga, þar á meðal tengilið, málstjóra og einstaklingsbundna þjónustuáætlun.

Hjálpartækni, sérhæfður stuðningur og aðgengilegt námsefni eru veitt í samstarfi skóla, sveitarfélaga og sérhæfðra þjónustuaðila. Sjónstöðin veitir meðal annars ráðgjöf, hjálpartæki, blindraleturskennslu og aðgengilegt námsefni fyrir blind og sjónskert börn. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra veitir táknaðskennslu, ráðgjöf og túlkajónustu fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn og fjölskyldur þeirra.

Lög um námsgögn nr. 71/2007 og hlutverk Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu styðja jafnframt við þróun og dreifingu fjölbreytts og aðgengilegs námsefnis, þar á meðal á stafrænu formi. Helstu áskoranir felast áfram í að tryggja jafnt aðgengi að sérfræðiþjónustu og stuðningi milli sveitarfélaga, sérstaklega í dreifbýli og smærri sveitarfélögum.

(c) Measures to enable pathways and inclusive transitions from compulsory schooling to upper secondary, vocational, and higher education, as well as measures to ensure students with disabilities are not limited to narrow vocational or non-degree programs.

Háskólar á Íslandi skulu veita fötluðum nemendum og nemendum með tilfinningalega eða félagslega örðugleika kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og víðeigandi aðbúnaður eftir því sem þörf krefur og fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er. Skulu háskólar jafnframt leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða eða veikindi. Í Háskóla Íslands er boðið upp á sértækt tveggja ára diplómanám fyrir fatlaða nemendur sem lokið hafa fjögurra ára námi á starfsbrautum fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum. Er einnig boðið upp á nám í þroskaþjálfrafræði sem byggist á hugmyndafræði alþjóðlegra mannréttindasáttmála um eðlislæga reisn og verðmæti hverrar manneskju. Í náminu er lögð áhersla á félagslegan skilning á fötlun og margbreytileika og miðar að því að stuðla að virkri samfélagsþátttöku fatlaðs fólks.

Í mars 2023 veitti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið (nú menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið) 16,5 millj. kr. fjárstuðnings til samstarfsverkefnis Háskóli Íslands (HÍ), Háskólinn á Akureyri (HA) og Listaháskóli Íslands (LHI) af stað með samstarfsverkefni um þróun og uppbyggingu inngildandi háskólanáms fyrir fólk með þroskahömlun. Verkefnið var fjármagnað af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu sem veitti verkefninu 16,5 millj. kr. fjárstuðning. Í verkefninu miðaði HÍ 20 ára reynslu sinni af starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun með HA og LHI, sem báðir unnu að uppbyggingu sambærilegra námsleiða. Formlegur samstarfshópur háskólanna þriggja var stofnaður og reglulegir fundir haldnir um þróun námsleiða, inntökufæri, aðgengi og framkvæmd námsins. Samhliða því

var unnið að sameiginlegu fræðsluefni fyrir kennara og starfsfólk til að styðja við uppbyggingu aðgengilegs og inngildandi námsumhverfis.

Árið 2024 kom út skýrsla á vegum félags- og húsnæðsmálaráðuneytis þar sem lagðar eru fram tillögur um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk en einnig miða tillögurnar að inngildandi námi á öllum skólastigum og auknum tækifærum á vinnumarkaði og starfstengdu námi án aðgreiningar..

Health (art. 25)

22. Please provide information on:

(a) Measures to ensure equal access to quality, affordable, and accessible health care services, including in rural and regional areas, such as measures to ensure that health professionals receive training in disability rights and informed consent, communication strategies and person-centred approaches;

Íslenska heilbrigðiskerfið byggir á meginreglum um jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag eða búsetu, sbr. lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og lög nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Ríkið greiðir stærstan hluta kostnaðar við heilbrigðisþjónustu í gegnum opinbera sjúkratryggingakerfið og greiðsluþátttaka einstaklinga er takmörkuð með greiðslupaki. Lægra greiðslupak gildir meðal annars fyrir öryrkja, börn og aldraða og fatlaðir einstaklingar njóta jafnframt aukinnar greiðsluþátttöku vegna ýmissar heilbrigðisþjónustu, lyfja, tannlækninga og hjálparkæja.

Jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu er eitt af markmiðum stjórnvalda. Í Byggðaáætlun stjórnvalda er lögð áhersla á að efla heilbrigðis- og velferðarþjónustu á landsbyggðinni, meðal annars með aukinni notkun stafrænnar þjónustu og fjarheilbrigðislausna. Einnig er í stefnum stjórnvalda í málefnum fatlaðs fólks og geðheilbrigðismálum lögð áhersla á að bæta aðgengi að heilbrigðis- og endurhæfingarþjónustu og styrkja samhæfingu þjónustu.

Heilbrigðisstarfsfólki ber að starfa í samræmi við lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, þar á meðal reglur um upplýst samþykki, sjálfsákvörðunarrétt og virðingu fyrir einstaklingnum. Í stefnum stjórnvalda er jafnframt lögð áhersla á að efla þekkingu heilbrigðisstarfsfólks á réttindum fatlaðs fólks, aðgengilegum samskiptum og einstaklingsmiðaðri þjónustu.

(b) Measures to develop gender- and age-appropriate non-coercive, community-based mental health services and supports, including in rural and regional areas, that respect the will, preference, dignity and rights of persons with disabilities;

Á síðustu árum hafa stjórnvöld unnið að því að efla samfélagsmiðaða, valdeflandi og réttindamiðaða geðheilbrigðisþjónustu með áherslu á snemmtækan stuðning, aukið aðgengi og þjónustu nær heimabyggð. Sérstök áhersla hefur verið lögð á viðkvæma hópa, meðal annars með eflingu geðheilbrigðisþjónustu í tengslum við barneignir, geðrækt og stuðning innan skólasamfélagsins og aukna þjónustu við aldraða.

Í stefnumótun og þróun geðheilbrigðisþjónustu hefur verið lögð aukin áhersla á batamiðaða og valdeflandi nálgun þar sem virðing er borin fyrir vilja, óskum og reynslu notenda. Unnið hefur verið að því að efla þátttöku notenda og aðstandenda í stefnumótun og þjónustuþróun, meðal annars í gegnum Geðráð sem starfað hefur frá árinu 2023 sem samráðsvettvangur helstu hagaðila. Jafningjastuðningur hefur jafnframt verið aukinn innan geðheilbrigðisþjónustunnar.

Til að bæta aðgengi að þjónustu á landsbyggðinni hefur verið lögð aukin áhersla á fjarheilbrigðisþjónustu og stafrænar lausnir. Þá hefur verið unnið að innleiðingu þrepaskiptrar geðheilbrigðisþjónustu með skýrari matsferlum, auknu framboði gagnreyndra hópurræða og lágþröskuldaþjónustu vegna meðal annars kvíða, þunglyndis, streitu og svefnvanda. Jafnframt hefur heilbrigðisráðuneytið stutt starfsemi ýmissa notenda- og stuðningsúrræða, þar á meðal Pieta, Bergið headspace, Hugarafls, Sorgarmiðstöðvarinnar og hjálparsíma Rauða krossins, í því skyni að auka aðgengi að stuðningi utan hefðbundins heilbrigðiskerfis.

(c) Disaggregated data on health access and outcomes for children and adults with disabilities, in particular wait periods for access to mental health services;

Svar í vinnslu.

(d) Measures to provide inclusive sexual and reproductive health services consistently throughout the State Party, to ensure the prevention of paternalistic interventions for women and girls with disabilities.

Sjá einnig svar við spurningu 14(a) um lagaumgjörð sem tryggir að læknisfræðileg inngríp á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis byggist á frjálsum og upplýstu samþykki viðkomandi einstaklings.

Samkvæmt lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu eiga landsmenn rétt á aðgengilegri heilbrigðisþjónustu óháð búsetu og samkvæmt reglum um greiðsluþátttöku njóta öryrkjar aukins fjárhagslegs stuðnings vegna heilbrigðisþjónustu, þar á meðal meðgönguverndar og getnaðarvarna. Jafnframt er í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir kveðið á um stoðþjónustu sem styður fatlað fólk til sjálfstæðs lífs og fjölskyldulífs á eigin forsendum.

Í stefnumótun stjórnvalda í málefnum fatlaðs fólks er lögð áhersla á sjálfsákvörðunarrétt, aðgengilega upplýsingagjöf og einstaklingsmiðaða þjónustu. Markmiðið er að tryggja að fatlaðar konur og stúlkur geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigið líf, líkama og barneignir og að þjónustan byggist á vilja og óskum einstaklingsins fremur en forsjarhyggju.

Habilitation and rehabilitation (art.26)

23. Please provide information on measures to develop a unified national strategy for habilitation and rehabilitation to provide a comprehensive and coordinated cross-sectoral framework that ensures availability and continuity throughout the State Party regardless of geography, impairment type or age.

Unnið er að þróun heildstæðrar stefnu um hæfingu og endurhæfingu á Íslandi með það að markmiði að tryggja samræmda, aðgengilega og samfellda þjónustu óháð aldri, búsetu eða tegund skerðingar. Undanfarin ár hefur verið unnið að stefnumótun á þessu sviði, meðal annars með stefnutillögu um endurhæfingu árið 2020, aðgerðaáætlun um heilbrigðistengda endurhæfingu til ársins 2025 og nú gerð hvítbókar um endurhæfingarþjónustu.

Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að skilgreina hæfingu og endurhæfingu sem samþætta og þverfaglega þjónustu sem byggir á ICF-flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og tekur mið af færni, þátttöku og stuðningsþörfum einstaklings fremur en sjúkdómsgreiningum einum sér.

Markmið stefnumótunarinnar eru meðal annars að tryggja jafnt aðgengi að þjónustu um allt land, efla samfellu milli heilbrigðis-, félags- og starfsendurhæfingarþjónustu, innleiða samræmt mat á þjónustuþörf og styrkja þverfaglega teymisvinnu. Jafnframt er unnið að aukinni notkun fjarheilbrigðisþjónustu og stafrænna lausna til að bæta aðgengi að þjónustu á landsbyggðinni.

Work and employment (art. 27)

24. Please provide updated information on:

(a) Measures to implement the recommendation of the CESC Committee (E.C12/ISL/CO/5, para.25) to increase and promote employment opportunities for persons with disabilities, including by providing effective incentives to employers to provide reasonable accommodation, as well as to conduct an evaluation of the impact of the coronavirus disease (COVID-19) pandemic and the increased use of artificial intelligence on the labour market, with a particular focus on the effects on employment for people with disabilities;

Gerðar hafa verið breytingar á regluverki vinnumarkaðsaðgerða til að styrkja þátttöku fólks með skerta starfsgetu á vinnumarkaði. Með reglugerð nr. 935/2025 um vinnumarkaðsaðgerðir var komið á samræmdum ramma fyrir vinnumarkaðsúræði, meðal annars launastyrki og starfsþjálfun með leiðsögn og stuðningi fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu. Frá 1. september 2025 hefur Vinnuálfstofnun jafnframt annast umsýslu virknistyrkja fyrir einstaklinga sem njóta örorkulífeyris að hluta og eru í virkri atvinnuleit. Markmið þessara úrræða er að auðvelda inngöngu og aukna þátttöku á almennum vinnumarkaði.

Í landsáætlun um innleiðingu SRFF er unnið að aðgerðum sem miða að aukinni atvinnuþátttöku fatlaðs fólks. Þar er meðal annars lögð áhersla á að fjölga starfstækifærum hjá ríki og sveitarfélögum sem og á almennum vinnumarkaði með áherslu á fjölbreytt störf, sveigjanleg störf og hlutastörf auk aukinna tækifæra til starfsþróunar styrkja. Lagt er til samstarf Vinnuálfstofnunar og vinnu- og virknimiðstöðva til að auðvelda flutning úr aðgreindum vinnuúrræðum yfir á almennan vinnumarkað og endurskoða kjör og stöðu fólks á aðgreindum vinnustöðum með það að markmiði að stuðla að auknu jafnrétti og gagnsæi.

Þá hefur ríkisstjórnin samþykkt aðgerðaáætlun um gervigreind fyrir árin 2025–2027. Í henni er meðal annars gert ráð fyrir að áhrif gervigreindar á jafnrétti og stöðu ólíkra samfélagshópa verði metin og að mótuð verði skýr laga- og stefnumörkun á þessu sviði. Enn liggja ekki fyrir sértækar rannsóknir á áhrifum COVID-19 á atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.

(b) Measures to ensure employment opportunities and career advancement for persons with disabilities in the labor market, including assistance in finding, obtaining, maintaining and returning to employment, as well as measures to address the specific disadvantages faced by women with disabilities in gaining and retaining employment;

Sjá einnig svar við spurning 24. a)

Breytingar á örorkulífeyriskerfinu sem tóku gildi 1. september 2025 byggja jafnframt á aukinni áherslu á þátttöku fólks með skerta starfsgetu á vinnumarkaði. Með breytingunum er stefnt að því að skapa sterkari hvata til atvinnuþátttöku og auðvelda fólki sem misst hefur hluta starfsgetu sinnar vegna veikinda eða slysa að snúa aftur til starfa. Gert er ráð fyrir að þessi þróun auki eftirspurn eftir sveigjanlegum störfum og hlutastörfum á vinnumarkaði.

Þá miðar aðgerð D.10 í landsáætlun að því að bæta tengsl milli stuðningskerfa og almenns vinnumarkaðar og auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks. Jafnframt miðar aðgerð D.11 að því að skapa fleiri starfstækifæri fyrir fólk með mismunandi starfsgetu, meðal annars með fjölbreyttari störfum, sveigjanlegum starfsháttum, hlutastörfum og auknum tækifærum til starfsþróunar. Aðgerðin tekur bæði til ríkis, sveitarfélaga og almenns vinnumarkaðar. Sjá einnig spurningu 24.a) varðandi aðgerð D.9 en úttektin getur lagt grunn að frekari aðgerðum til að bæta stöðu fatlaðs fólks í atvinnulífi.

Ekki eru sérstakar aðgerðir í landsáætlun sem beinast sérstaklega að stöðu fatlaðra kvenna á vinnumarkaði, en jafnréttissjónarmið eru grunnildi og viðmið í framkvæmd landsáætlunar sem og í allri almennri stefnu stjórnvalda sbr. lög nr. 150/2020 sjá nánar í svári við spurningu 2. c).

- (c) Measures to develop and resource initiatives for self-employment, entrepreneurship, the development of cooperatives and user-led innovation and peer-driven business models.

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið hefur stutt þróun verkefnisins Vísir – nýsköpunarþátttöku fatlaðs fólks, sem unnið er í samstarfi Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna (SFH), KVENN, Öryrkjabandalags Íslands, Þroskahjálpar og annarra samtaka fatlaðs fólks. Verkefnið byggir á réttindamiðaðri nálgun og hefur það markmið að efla þátttöku fatlaðs fólks í nýsköpun, atvinnusköpun og frumkvöðlastarfi. Fyrirhugað er að setja á stofn ráðgjafastofuna Vísir með miðlun starfa; auk virkrar leitar og starfasköpunar í samráði við vinnuveitendur. Auk þess verður þar í boði ráðgjöf til fatlaðra frumkvöðla sem vinna að eigin frumkvöðlaverkefnum eða hyggja á slíkt.

Adequate standard of living and social protection (art. 28)

25. Please provide information on:

- (a) The implementation of changes to social security, welfare and social insurance systems that have taken effect since September 2025 and the impact on persons with disabilities;

Helstu breytingar frá september 2025 varða innleiðingu nýs örorku- og endurhæfingarkerfis samkvæmt breytingum á almannatryggingalögum sem tóku gildi 1. september 2025. Með breytingunum var tekið upp samþætt sérfræðimat sem byggir á heildstæðu mati á starfsgetu og áhrifum heilsufars, færni, stuðningsþarfa og umhverfisþátta, í stað eldra örorkumats sem byggði frekar á læknisfræðilegu mati.

Fyrir fatlað fólk felast helstu áhrif breytinganna í því að mat á rétti til greiðslna tekur nú í auknum mæli mið af raunverulegri getu til þátttöku á vinnumarkaði og þeim stuðningi sem einstaklingur hefur aðgang að. Markmið breytinganna er að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku án þess að einstaklingar missi tekjuöryggi sitt.

Jafnframt voru greiðslur hækkaðar fyrir flesta örorkulífeyrisþega og dregið úr áhrifum tekjutenginga. Endurhæfingarkerfið var einnig styrkt með auknum möguleikum til greiðslna meðan á endurhæfingu stendur, á biðtíma eftir þjónustu og í ákveðnum tilvikum eftir lok endurhæfingar. Markmiðið er að tryggja meiri samfellu í stuðningi og draga úr hættu á að einstaklingar falli á milli kerfa.

Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að breytingarnar stuðli að auknu sjálfstæði, virkni og þátttöku fatlaðs fólks í samfélagi og á vinnumarkaði. Þar sem breytingarnar eru nýlega komnar til framkvæmda liggur ekki enn fyrir heildstætt mat á langtímaáhrifum þeirra.

- (b) Measures to address the medicalised and repetitive eligibility assessment requirements to access benefits, supports and services;

Sjá svar við spurningu 25. a) varðandi breytingar á örorku- og endurhæfingarkerfinu sem tóku gildi 1. september 2025. Með innleiðingu samþætts sérfræðimats var leitast við að draga úr áherslu á læknisfræðilegar greiningar við mat á rétti til greiðslna og stuðnings. Matið byggir á heildstæðu mati á starfsgetu og tekur mið af færni, stuðningsþörfum og aðstæðum einstaklings. Jafnframt er markmið breytinganna að einfalda matsferli og skapa samræmdari grundvöll fyrir ákvarðanir um réttindi innan almannatryggingakerfisins. Einstaklingar sem þegar nutu örorkulífeyris við gildistöku breytinganna héldu rétti sínum samkvæmt sérstökum aðlögunarreglum og þurftu almennt ekki að gangast undir nýtt mat við yfirfærslu í nýja kerfið.

- (c) Poverty alleviation strategies for groups most at risk of poverty, including people with disabilities, and efforts to increase the amount of the old-age pension, unemployment and disability benefits;

Ísland vinnur gegn fátækt með almennu almannatrygginga- og velferðarkerfi sem byggir á tekjutryggingu, húsnæðisstuðningi, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu sveitarfélaga og öðrum stuðningsúrræðum. Fatlað fólk er meðal þeirra hópa sem sérstaklega njóta verndar innan kerfisins.

Sjá einnig svar við spurningu 25 (a) varðandi breytingar á örorku- og endurhæfingarkerfinu sem tóku gildi 1. september 2025. Eitt af markmiðum breytinganna var að bæta afkomu bótaþega, draga úr áhrifum tekjutenginga og styrkja

tekjuöryggi fólks með skerta starfsgetu. Samkvæmt upplýsingum stjórnvalda hækkuðu greiðslur fyrir meirihluta örorkulífeyrisþega við innleiðingu nýja kerfisins.

Ellilífeyrir, örorkulífeyrir og atvinnuleysisbætur eru endurskoðaðar reglulega samkvæmt lögum og breytingum á fjárhæðum og viðmiðum sem taka mið af efnahagsþróun hverju sinni. Markmið stjórnvalda er að viðhalda tekjuöryggi og draga úr hættu á fátækt meðal þeirra hópa sem eru í mestri fátæktaháttu, þar á meðal fatlaðs fólks, eldra fólks og atvinnulausra.

- (d) Measures to address access to accessible and affordable housing, including long wait times and regional disparities and the lack of oversight of inappropriate housing for persons with disabilities and national monitoring of accessibility standards.

Sjá einnig svör við spurningum 16(b) og 16(c).

Ísland viðurkennir að skortur á aðgengilegu og viðráðanlegu húsnæði, langir biðlistar og mismunur milli sveitarfélaga séu áfram áskoranir fyrir fatlað fólk. Skýrslan Húsnæði við hæfi staðfesti að verulegur skortur sé á sértæku húsnæði og að biðlistar eftir búsetu með þjónustu hafi verið langvarandi.

Auk sértækrar þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 stendur fötluðu fólki til boða almennur húsnæðisstuðningur, þar á meðal húsnæðisbætur, sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga, húsnæði á vegum almennra íbúðafélaga og hlutdeildarlán fyrir tekjulægri fyrstu kaupendum.

Í landsáætlun um innleiðingu SRFF og í eftirfylgni við tillögur skýrslunnar Húsnæði við hæfi er unnið að úrbótum sem miða að auknu aðgengi að húsnæði, styttingu biðtíma og auknu jafnræði óháð búsetu.

Eftirlit með þjónustu við fatlað fólk er meðal annars á hendi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála (GEV). Jafnframt er unnið að frekari þróun gæða- og eftirlitsviðmiða, bættri gagnaöflun og aukinni vöktun á gæðum húsnæðis og þjónustu. Stjórnvöld hafa viðurkennt þörf á áframhaldandi aðgerðum til að stytta biðlista, draga úr svæðisbundnum mismun og styrkja eftirlit með aðgengi og búsetuáðstæðum fatlaðs fólks.

Participation in political and public life (art.29)

26. Please provide information on:

- (a) The status and impact of the draft Bill to amend the election laws (CRPD/C/ISL/1, para.266);

Ný kosningalög voru samþykkt árið 2021 og tóku þau gildi 1. janúar 2022. Í 89.gr. laganna er kveðið á um rétt fólks til að fá aðstoð við að greiða atkvæði. Samkvæmt ákvæðinu á kjósandi rétt til aðstoðar og aðstoðin skal veitt af þeim úr kjörstjórninni sem kjósandi tilnefni eða aðstoðarmanni sem fylgir kjósanda á kjörstað. Aðstoðin skal því aðeins veitt að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim sem aðstoðar hann frá því hvernig hann vill greiða atkvæði. Þannig getur kjósandi valið sér aðstoðarmann við að greiða atkvæði og þarf aðstoðarmaðurinn að skilja hvernig kjósandi vill greiða atkvæðið. Aðstoðarmanninum ber að fara að fyrirmælum kjósandans og er bundinn þagnarskyldu um það sem honum og kjósandanum fer á milli.

- (b) Measures to establish a national policy and monitoring framework to address accessibility barriers across municipalities, including inaccessibility of digital and remote voting options and to ensure that voting procedures, facilities and materials are appropriate, accessible and easy to use;

Lögð er áhersla á að gott aðgengi sé að kjörstöðum fyrir alla bæði á kjördag og þar sem kosið er utankjörfundar. Þá er kjósanda heimilt að hafa með sér aðstoðarmann að eigin vali svo hann geti neytt kosningaréttar síns bæði hvað varðar kosningu á kjördag og við kosningu utan kjörfundar. Á grundvelli nýrra kosningalaga sem tóku gildi 1. janúar 2022 fer sérstök stofnun, landskjörstjórn, með framkvæmd kosninga. Stofnunin leggur ríka áherslu á við þá sem sjá um framkvæmd kosninga að gætt sé að aðgengi fyrir alla að kjörstað. Í því skyni fundar hún með kjörstjórnnum og sýslumönnum sem framkvæma utankjörfundarkosningu og hagsmunafélögum fatlaðs fólks. Rafrænar kosningar eru ekki leyfilegar á Íslandi þegar kosið er til Alþingis, sveitarstjórna, forsetakjöri eða í þjóðaratkvæðagreiðslum.

- (c) Measures to ensure that all persons under guardianship retain their right to vote and are not, in practice prevented from voting due to judgements about their capacity to understand the process and express their will and preference;

Með breytingum á kosningalögum sbr. Svar við lið a) þarf eingöngu sá sem aðstoðar kjósanda við að greiða atkvæði að skilja hvernig kjósandinn við greiða atkvæði. Enginn opinber aðili leggur mat á hæfni kjósanda til að kjósa.

- (d) Measures to support persons with disabilities in the development of organisations to facilitate effective representation of persons with disabilities, including women with

disabilities and persons with intellectual and/or psychosocial disabilities, in political and public life.

Í landsáætlun um innleiðingu SRFF er lögð áhersla á að efla þátttöku og fulltrúapátttöku fatlaðs fólks í opinberu lífi. Í aðgerð A.3 er gert ráð fyrir að samráðshópar og notendaráð í málefnum fatlaðs fólks verði starfrækt um allt land og að fatlað fólk verði sérstaklega eftt og virkjað til þátttöku í starfsemi þeirra. Markmiðið er að styrkja aðkomu fatlaðs fólks að samráði og stefnumótun. Jafnframt miðar aðgerð A.5 að auknum sýnileika fatlaðs fólks í fjölmiðlum og opinberri umræðu, m.a. með kortlagningu á þátttöku fatlaðs fólks, stuðningi við þátttöku þess í opinberri umræðu og þjálfun fyrir fatlað fólk og fjölmiðlafólk. Sérstök áhersla er lögð á fjölbreytileika innan hópsins og aukna þátttöku fatlaðs fólks í umræðu um málefni sem ekki tengjast eingöngu fötlun. Aðgerðirnar ná til fatlaðs fólks í allri sinni fjölbreytni, þar á meðal fatlaðra kvenna og fólks með vitsmunalega og/eða sálfélagslega fötlun. Geðhjálp hefur staðið fyrir kortlagningu á fordómum gagnvart fólki með geðrænar áskoranir og sálfélagslega fötlun. Niðurstöður sýna að þrátt fyrir jákvæða þróun séu fordómar áfram útbreiddir.

Í handbók um notendasamráð er meðal annars komið inn á nauðsyn þess að öllum þátttakendum í notendaráðum sé tryggður viðeigandi stuðningur og aðlögun sem mætir þörfum þeirra til þess að þeir geti komið skoðunum sínum á framfæri, deilt reynslu sinni og veitt stjórnvöldum viðeigandi aðhald.

Participation in cultural life, recreation, leisure and sport (art.30)

27. Please provide information on:

(a) Measures to implement the Marrakesh Treaty to Facilitate Access to Published Works for Persons who are Blind, Visually Impaired or Otherwise Print Disabled;

Til að innleiða Marrakesh-sáttmálann voru gerðar breytingar á 19. gr. höfundalaga árið 2021 og tók sáttmálinn gildi gagnvart Íslandi í júlí 2023. Með breytingunum var Hljóðbókasafni Íslands og öðrum viðurkenndum einingum veitt skýr heimild til að framleiða, dreifa og miðla verkum á aðgengilegu formi fyrir einstaklinga með sjón- eða lestrarhömlun, án hagnaðarsjónarmiða og eingöngu til afnota fyrir þann hóp.

Hljóðbókasafn Íslands gegnir lykilhlutverki við framkvæmd sáttmálans. Safnið framleiðir og miðlar efni á aðgengilegu formi fyrir einstaklinga sem ekki geta lesið prentað mál og hefur, í kjölfar gildistöku sáttmálans, fengið aðgang að alþjóðlegu bókaveitunni ABC (Accessible Books Consortium). Með því hefur aðgengi íslenskra notenda að bókum á aðgengilegu formi aukist verulega og jafnframt hefur orðið mögulegt að skiptast á slíku efni yfir landamæri við aðrar viðurkenndar einingar í aðildarríkjum sáttmálans.

Sjónstöðin veitir jafnframt sérhæfða þjónustu fyrir einstaklinga með sjónskerðingu, meðal annars með stækkun leturs, framleiðslu efnis á blindralettri og annarri aðlögun námsgagna og útgefins efnis. Lögð er sérstök áhersla á að tryggja aðgengi barna og námsfólks að námsgögnum. Framleiðsla efnis á aðgengilegu formi hefur verið hluti af þjónustunni um árabil og hefur framkvæmd sáttmálans styrkt enn frekar lagalegan grundvöll og alþjóðlegt samstarf á þessu sviði.

(b) Specific mechanisms for disability inclusion in cultural policy frameworks, and specific measures to ensure persons with disabilities, including children and women with disabilities can participate in sport and recreation activities on an equal basis with others;

Til að stuðla að þátttöku fatlaðs fólks í menningar-, íþrótt- og tómsundastarfi til jafns við aðra hefur verið unnið markvisst að innleiðingu 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Mikilvægur þáttur í þeirri vinnu er verkefnið Allir með, sem er samstarfsverkefni félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og mennta- og barnamálaráðuneytis í samstarfi við íþróttahreyfinguna. Fyrsti áfangi verkefnisins stóð á árunum 2023–2025 og hefur verið framlengdur til ársins 2028.

Markmið verkefnisins er að fjölga tækifærum fatlaðs fólks til þátttöku í íþróttum og tryggja að öll börn og ungmenni geti stundað íþróttir í sínu nærumhverfi í samræmi við óskir sínar og þarfir, með viðeigandi stuðningi og aðlögun. Jafnframt er lögð áhersla á að fatlað fólk geti öðlast reynslu af þátttöku í íþróttum og tómsundum og notið þeirra til jafns við aðra. Til að styðja við þátttöku standa jafnframt til boða styrkir vegna hjálpartækja sem nýtast við íþrótt- og tómsundaiðkun samkvæmt reglugerð nr. 760/2021 um styrki vegna hjálpartækja. Börn eiga rétt á sérstakri greiðsluþátttöku vegna hjálpartækja til leiks, íþróttar og tómsunda.

Aðgengi og þátttöku fatlaðs fólks í menningar- og samfélagslífi eru einnig meðal áhersluatriða í landsáætlun um innleiðingu SRFF og annarri opinberri stefnumótun sem byggir á meginreglum um jafna þátttöku, aðgengi og inngilding.

(c) Measures to support persons with disabilities to develop their artistic potential and specific cultural and linguistic identities, including sign languages and Deaf culture.

Til að styðja þátttöku fatlaðs fólks í menningarlífi og þróun listrænnar getu þess er í landsáætlun um innleiðingu SRFF unnið að aðgerð B.12 um aukna þátttöku fatlaðs fólks í menningarlífi. Í kjölfar aðgerðarinnar var skipaður vinnuhópur, að mestu skipaður fötluðu listafólki, sem skilaði árið 2026 tillögum og aðgerðaráætlun sem nýtist við áframhaldandi stefnumótun á sviðinu.

Á undanförunum árum hafa lista- og menningarstofnanir á vegum ríkisins aukið sýnileika og þátttöku fatlaðs listafólks í verkefnum sínum. Jafnframt styðja stjórnvöld verkefni og vettvanga sem efla sköpun og þátttöku fatlaðs fólks í listum, meðal annars List án landamæra og Listvinnzluna listorkuver.

Fötluð börn njóta einnig stuðnings til þátttöku í menningarlífi meðal annars í gegnum verkefnið List fyrir alla, sem miðar að því að tryggja jafnan aðgang grunnskólabarna að listum og menningarviðburðum óháð búsetu eða efnahag.

Íslenskt táknmál var viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra og heyrnarskertra með lögum nr. 61/2011. Árið 2024 samþykkti Alþingi málstefnu og aðgerðaáætlun fyrir íslenskt táknmál 2024–2027 sem miðar meðal annars að auknu framboði bóka, menningarefnis og afþreyingar á táknmáli og að tryggja aðgengi táknmálssamfélagsins að menningarstyrkjum og menningarstarfsemi. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra gegnir lykilllutverki við að efla íslenskt táknmál og menningu heyrnarlausra með fræðslu, ráðgjöf og annarri sérhæfðri þjónustu.

C. Specific obligations (arts. 31-33)

Data collection and statistics (art. 31)

28. Please provide information on:

- (a) The outcomes of the incorporation of the Washington short set of questions into surveys, as well as the outcomes of the use of the electronic population census to collect information on persons with disabilities (CRPD/C/ISL/1, paras.281-282);

Hagstofa Íslands safnar upplýsingum um fötlun úr þremur megin gagnalindum: úrtaksrannsóknnum sem byggja á almennum vísi virknitakmarkana (GALI), stuttlista Washington-hópsins um færniskerðingar og stjórnsýslugögnum. GALI-vísinum hefur verið safnað í Lífskjararannsókn Hagstofunnar frá 2003 og í Vinnumarkaðsrannsókn frá 2021. Samkvæmt nýjustu birtu gögnum Eurostat var hlutfall einstaklinga með langvarandi virknitakmarkanir á Íslandi 13,0% árið 2020.

Spurningar Washington-hópsins hafa verið lagðar fyrir í nokkrum landsrannsóknnum Hagstofunnar. Í Heilsufarsrannsókn 2022 mældust 10,3% svarenda með verulega færniskerðingu samkvæmt skilgreiningum Washington-hópsins.

Í framhaldi af innleiðingu rafræns manntals vann Hagstofa Íslands að þróun tölfræði um fatlað fólk á grundvelli stjórnsýslugagna. Niðurstöður tilraunatölfræði sem birtar voru árið 2024 sýndu að 39.652 einstaklingar, eða 12,4% íbúa landsins, töldust til fatlaðs fólks samkvæmt þeirri aðferðafræði. Verkefnið sýndi að stjórnsýslugögn geta verið mikilvæg viðbót við úrtaksrannsóknir, þar sem þau gera kleift að greina stöðu fatlaðs fólks eftir fjölmörgum bakgrunnsbreytum og landsvæðum.

- (b) measures to address the lack of disaggregated data and research to enable the collection, coordination and dissemination of data, to provide an analysis of the situation of persons with disabilities and to inform policy measures and resource allocation.

Sjá einnig svar við spurningu 28.a). Til að bæta söfnun og greiningu gagna um fatlað fólk vann Hagstofa Íslands á árunum 2023–2024 umfangsmikið verkefni í samstarfi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið þar sem metið var hvernig nýta mætti stjórnsýslugögn til hagskýrslugerðar um fatlað fólk. Verkefninu lauk með birtingu tilraunatölfræði, lýsigagna og aðferðafræðilegra greinargerða árið 2024.

Verkefnið sýndi fram á að stjórnsýslugögn geta veitt mun ítarlegri upplýsingar um stöðu fatlaðs fólks en úrtaksrannsóknir einar og sér, meðal annars eftir aldri, kyni, búsetu og þjónustunotkun. Slík gögn geta því stutt betur við stefnumótun, úthlutun fjármuna og mat á áhrifum opinberra aðgerða.

Hins vegar hefur verkefnið ekki hlotið áframhaldandi fjármögnun frá árinu 2024 og hefur því ekki verið unnið frekar að reglulegri gagnasöfnun eða birtingu þessara upplýsinga. Áfram verður unnt að afla upplýsinga um stöðu fatlaðs fólks í gegnum úrtaksrannsóknir Hagstofunnar, svo sem lífskjara-, heilsufars- og vinnumarkaðsrannsóknir, en þær veita takmarkaðri möguleika til sundurliðunar en stjórnsýslugögn. Stjórnvöld viðurkenna því að áfram sé þörf á að efla samræmda gagnasöfnun og greiningu til að styðja betur við stefnumótun og innleiðingu samningsins.

International cooperation (art.32)

29. Please provide information on:

- (a) Measures to develop and implement a disability-inclusive development strategy;

Aðgengi og inngilding fatlaðs fólks eru leiðarljós í íslenskri þróunarsamvinnu. Í stefnu stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2024–2028 eru sett fram sérstök markmið um þátttöku og réttindi fatlaðs fólks.

Inngilding fatlaðs fólks er samþætt í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands, meðal annars á sviði menntunar, vatns- og hreinlætismála, kyn- og frjósheimisheilbrigðis og mannréttinda. Sérstök áhersla er lögð á aðgengi að grunnþjónustu fyrir fatlað fólk, þar á meðal börn með fötlun, í samstarfslöndum Íslands.

Í stuðningi Íslands við Úkraínu hefur jafnframt verið lögð áhersla á fötlun og aðgengi, meðal annars með stuðningi við stoðtækja- og endurhæfingarþjónustu og verkefni sem miða að auknu aðgengi í byggðu umhverfi.

Á alþjóðavettvangi undirritaði Ísland árið 2025 Amman–Berlin yfirlýsinguna „15 percent for the 15 percent“ og skuldbatt sig þar með til að stuðla að því að þróunarsamvinna sé aðgengileg og inngildandi fyrir fatlað fólk og að auka hlutfall verkefna sem hafa inngildingu fatlaðs fólks sem sérstakt markmið. Árið 2024 runnu 28% af þróunarsamvinnufjármagni Íslands til verkefna sem innihéldu aðgerðir sem stuðla að þátttöku og valdeflingu fatlaðs fólks.

- (b) Measures taken to include organizations of persons with disabilities in decision-making processes relating to international cooperation at the international and regional levels, on policies on development support for developing countries and on the resources available for organizations of persons with disabilities to become partners in development projects;

Ísland leggur áherslu á þátttöku samtaka fatlaðs fólks í þróunarsamvinnu og stuðning við verkefni sem byggja á mannréttindamiðaðri nálgun og virkri aðkomu fatlaðs fólks. Samráð við hagsmunasamtök og sérfræðiþekking þeirra nýtist meðal annars við þróun stefnu og framkvæmd verkefna á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

Samtök fatlaðs fólks og samtök sem starfa að réttindum fatlaðs fólks geta sótt um fjárhagslegan stuðning til þróunarsamvinnuverkefna. Árið 2025 hlaut Öryrkjabandalag Íslands nýliðastyrk til að þróa verkefni í Úganda sem miðar að valdeflingu fatlaðra kvenna. Þá hefur Þroskahjálp frá árinu 2021 hlotið stuðning til verkefna í Malaví sem miða að aukinni þátttöku og menntun barna með fötlun og hafa verið unnin í samstarfi við samtök fatlaðs fólks í landinu, þar á meðal FEDOMA.

Með þessum verkefnum er stuðlað að því að samtök fatlaðs fólks séu ekki einungis þátttakendur heldur virkir samstarfsaðilar í þróunarsamvinnu og innleiðingu mannréttindamiðaðra verkefna á alþjóðavettvangi.

National implementation and monitoring (art. 33)

30. Please provide information on:

- (a) Measures to designate or establish one or more focal points within government for matters relating to the implementation of the Convention;

Unnið er að undirbúningi lagabreytinga sem fela í sér að verkefnisstjórn um framkvæmd landsáætlunar um innleiðingu SRFF verði falið að gegna hlutverki miðstöðvar innan stjórnisýslunnar (e. focal point) samkvæmt 1. mgr. 33. gr. samningsins. Hlutverk hennar yrði að stuðla að samræmingu, eftirfylgni og framgangi innleiðingar samningsins þvert á stjórnisýslu.

Gert er ráð fyrir að verkefnisstjórnin sinni þessu hlutverki í samstarfi við stýrihóp Stjórnarráðsins um mannréttindi og samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks, sem fyrirhugað er að fái endurnýjað umboð með breytingum á lögum um réttindagæslu fatlaðs fólks. Markmiðið er að styrkja samhæfingu og eftirlit með framkvæmd samningsins og tryggja áframhaldandi aðkomu fatlaðs fólks og hagsmunasamtaka þess að innleiðingu hans.

- (b) The scope and mandate of the national human rights institution;

Í júní 2024 voru samþykkt lög um Mannréttindastofnun Íslands, nr. 88/2024, þar sem tekið er fram í 2. gr. að stofnunin skuli hafa eftirlit með framkvæmd samningsins. Mannréttindastofnun Íslands hefur það hlutverk að efla og vernda mannréttindi og stuðla að því að bæði opinberir aðilar og einkaaðilar virði mannréttindi á öllum sviðum samfélagsins. Umboð stofnunarinnar felst meðal annars í eftirliti með framkvæmd mannréttindaákvæða stjórnarskrár, laga og alþjóðlegra skuldbindinga Íslands á sviði mannréttinda, þar á meðal samnings Sameinuðu þjóðirnar um réttindi fatlaðs fólks. Jafnframt veitir stofnunin stjórnvöldum og öðrum aðilum ráðgjöf um mannréttindi, stuðlar að rannsóknum og fræðslu og vinnur að vitundarvakningu og opinberri umræðu um mannréttindi. Stofnunin hefur ekki úrskurðarvald né tekur við kvörtunum í einstaklingsmálum, en veitir almenningi leiðbeiningar og aðstoð um réttindi og mögulegar kæruleiðir. Einnig heyra réttindagæslumenn fatlaðs fólks undir stofnunina og sinna þeir stuðningi, réttindagæslu og eftirliti með réttindum fatlaðs fólks.

- (c) Measures to ensure a meaningful participation of civil society, in particular persons with disabilities and their representative organizations in the monitoring process.

Til að tryggja þátttöku borgaralegs samfélags í vöktun framkvæmdar samningsins er í landsáætlun um innleiðingu SRFF (aðgerð A.13) gert ráð fyrir fjárhagslegum stuðningi við gerð skuggaskýrslna hagsmunasamtaka fatlaðs fólks vegna skýrslugjafar Íslands til nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Markmiðið er að styrkja sjálfstætt framlag og gagnrýna greiningu borgaralegs samfélags á framkvæmd samningsins. Hagsmunasamtök fatlaðs fólks hafa þegar nýtt úrræðið og lagt fram sameiginlegar ábendingar til undirbúningsferlis fyrstu fyrirtöku skýrslu Íslands.